

Global Entrepreneurship Monitor 2004



Umfang og umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi 2004



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY



Rannsóknarmiðstöð HR í nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum

Umfang og umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi

Rannsóknarmiðstöð HR
í nýsköpunar- og
frumkvöðlafræðum

Rögnvaldur J. Sæmundsson
Elín Dóra Halldórsdóttir



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Maí 2005

EFNISYFIRLIT

SUMMARY	6
SAMANTEKT	7
1. INNGANGUR	9
2. UPPBYGGING GEM-RANNSÓKNARINNAR	11
BAKGRUNNUR	11
FORSENDUR	11
FRUMKVÖÐLASTARFSEMI	11
EINKENNI FRUMKVÖÐLASTARFSEMI	12
UMHVERFI	13
GAGNASÖFNUN	14
SAMANTEKT	14
3. FRUMKVÖÐLASTARFSEMI Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004	15
UMFANG	15
EINKENNI	15
UMHVERFI	19
SAMANTEKT	23
4. SAMANBURÐUR VIÐ FRUMKVÖÐLASTARFSEMI Í ÖÐRUM LÖNDUM	25
UMFANG	25
EINKENNI	26
FJÁRMÖGNUN FRUMKVÖÐLASTARFSEMINNAR	32
UMHVERFI	38
SAMANTEKT	34
5. SAMANBURÐUR VIÐ FYRRI ÁR	35
UMFANG	35
EINKENNI	35
UMHVERFI	38
SAMANTEKT	40
6. NIÐURSTÖÐUR OG RÁÐLEGGINGAR	41
HEIMILDASKRÁ	43

SUMMARY

Global Entrepreneurship Monitor (GEM) is an international research project that over the past six years has conducted one of the most extensive studies of entrepreneurship in the world. Entrepreneurship in up to 40 countries has been studied in a systematic way on an annual basis and conclusions published in a global report. A special report has also been published in each participating country, in which the conclusions pertaining to the country in question are detailed more closely. Reykjavik University has taken part in the GEM-project on Iceland's behalf since 2002 and the Icelandic report is now being published for the third time. The aim of the Icelandic report is threefold:

- To give an overview of the prevalence and characteristics of entrepreneurship in Iceland in 2004, as well as its external environment.
- To compare entrepreneurship in Iceland in 2004 with that of earlier years and selected countries.
- To advise policy-makers on how to improve the national gain of entrepreneurship in Iceland.

The GEM-project evaluates three main aspects of entrepreneurship in each country on an annual basis:

- *Prevalence:* How many are involved in entrepreneurial activities?
- *Characteristics:* What are the characteristics of these activities?
- *External Environment:* How supportive is the external environment?

Data is collected through a national telephone survey of people aged 18-64, and a questionnaire is presented to experts in the entrepreneurial field.

The prevalence of entrepreneurship was relatively high in Iceland in 2004, as has been the case in recent years. A total of 13.6% of Icelanders aged 18-64, or some 25,000 people, were recorded as being involved in entrepreneurial activity in 2004. This ratio is at least twice the average of the other high-income countries included in the study.

As before, Icelandic entrepreneurs have high expectations regarding profits and innovation, as compared to other high-income countries. In just over half the cases, entrepreneurs believe that their ventures to be innovative or that staff numbers will rise substantially over the next five years. Also, nearly 60% of those who are preparing new business ventures expect to recap their investments at least five-fold.

The ratio of women and university-educated people is lower among those who were involved in entrepreneurship in Iceland in 2004, as compared to the high-income countries as a whole. Men are almost twice as likely as women to take part in entrepreneurship, and the ratio of university-educated people in other high-income countries is almost double what it is in Iceland.

The main weaknesses in the external environment in Iceland are a lack of venture capital, insufficient education pertaining to entrepreneurship (particularly at the elementary and secondary level) and less than satisfactory efficiency and success of government programs. The main strengths, on the other hand, are the positive attitudes towards entrepreneurship, how simple it is to start a company and easy access to physical infrastructure.

Policy-makers in Iceland need to take initiative in forming policies and taking action to boost the nation's gain from entrepreneurship. The primary projects involve raising the level of entrepreneurship among women and university-educated people, creating a framework for added venture investments and furthering education on entrepreneurship. Various methods have been tried in other countries, many of which have delivered highly positive results.

SAMANTEKT

Global Entrepreneurship Monitor (GEM) er alþjóðlegt rannsóknarsamstarf sem hefur á undanförunum sex árum unnið að einni umfangsmestu rannsókn á frumkvöðlastarfsemi í heiminum. Árlega hefur frumkvöðlastarfsemi í allt að 40 löndum verið könnuð á samræmdan hátt og niðurstöður birtar í alþjóðlegri skýrslu. Auk þess er gefin út sérstök skýrsla í hverju þáttökulandi, þar sem niðurstöðum viðkomandi lands er lýst nánar. Háskólinn í Reykjavík hefur tekið þátt í GEM-rannsókninni fyrir hönd Íslands síðan árið 2002 og kemur íslenska skýrslan nú út í þriðja sinn. Markmiðið með íslensku skýrslunni er þrjúþætt:

- Að gefa yfirlit yfir umfang, einkenni og umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2004.
- Að bera frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2004 saman við fyrri ár og valin samanburðarlönd.
- Að koma með ráðleggingar til stjórnvalda um hvernig auka megi þjóðhagslegan ávinning af frumkvöðlastarfsemi á Íslandi.

Í GEM-rannsókninni er árlega lagt mat á þrjú meginþætti í frumkvöðlastarfsemi sérhvers lands:

- *Umfang:* Hversu mikil er frumkvöðlastarfsemin?
- *Einkenni:* Hvað einkennir þá frumkvöðlastarfsemi sem á sér stað?
- *Umhverfi:* Við hvaða aðstæður býr frumkvöðlastarfsemin?

Gögnum er safnað með símakönnun meðal fólks á aldrinum 18-64 ára af öllu landinu og með spurningalista sem lagður er fyrir sérfræðinga á sviði frumkvöðlastarfsemi.

Umfang frumkvöðlastarfsemi var mikið á Íslandi árið 2004 eins og það hefur verið undanfarin ár. Alls mældust 13,6% Íslendinga á aldrinum 18-64 ára, eða um 25 þúsund manns, stunda frumkvöðlastarfsemi árið 2004. Þetta hlutfall er u.þ.b. tvöfalt hærra en meðaltal þeirra hátekjulanda sem tóku þátt í rannsókninni.

Eins og fyrri ár gera íslenskir frumkvöðlar sér miklar vonir um ávinning og nýsköpun í samanburði við önnur hátekjulönd. Í rúmlega helmingi tilvika telja frumkvöðlar að um einhverja nýsköpun sé að ræða eða að starfsmönnum eigi eftir að fjölga umtalsvert á næstu fimm árum. Einnig gera tæplega 60% þeirra sem undirbúa nýja viðskiptastarfsemi ráð fyrir að fá fjárframlag sitt a.m.k. fimmfalt til baka.

Hlutfall kvenna og háskólamenntaðra er lægra meðal þeirra sem stunda frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2004 en fyrir hátekjulöndin í heild. Karlar eru næstum því tvöfalt líklegri til þess að stunda frumkvöðlastarfsemi en konur og hlutfall háskólamenntaðra er nálægt því að vera tvöfalt hærra í hátekjulöndunum en á Íslandi.

Helstu veikleikar í umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi eru skortur á áhættufjármagni, ófullnægjandi frumkvöðlamenntun (sérstaklega á grunn- og framhaldsskólastigi) og óviðunandi árangur og skilvirkni í aðgerðum stjórnvalda. Helsti styrkurinn er fólgin í jákvæðu viðhorfi til frumkvöðlastarfsemi, hversu auðvelt er að stofna fyrirtæki og hversu aðgangur að grunnaðstöðu er góður.

Stjórnvöld þurfa að hafa frumkvæði að stefnumörkun og aðgerðum til þess að auka þjóðhagslegan ávinning af frumkvöðlastarfsemi á Íslandi. Helstu verkefni snúa að því að auka frumkvöðlastarfsemi kvenna og háskólamenntaðra einstaklinga, skapa umgjörð fyrir auknar áhættufjárfestingar og efla frumkvöðlamenntun. Aðrar þjóðir hafa tekist á við slík verkefni með góðum árangri.



1. INNGANGUR

Frumkvöðlastarfsemi hefur tvíþætta þýðingu í hverju landi. Annars vegar er frumkvöðlastarfsemi mikilvægur vettvangur fyrir nýsköpun en nýsköpun, er einn megindrifkraftur hagþróunar og hagvaxtar. Hins vegar er frumkvöðlastarfsemi mikilvæg leið til atvinnusköpunar, en atvinnusköpun er ein af grunnforsendum fyrir velferð þjóða. Það er því keppikefli hvernar þjóðar að skapa aðstæður sem styðja frumkvöðlastarfsemi til atvinnu- og nýsköpunar.

Global Entrepreneurship Monitor (GEM) rannsóknarsamstarfið miðar að því að kanna árlega og á samræmdan hátt frumkvöðlastarfsemi í allt að 40 löndum. Á hverju ári er gefin út alþjóðleg GEM-skýrsla þar sem niðurstöður rannsóknarinnar eru bornar saman milli þáttökulandanna. Auk þess er gefin út sérstök skýrsla í hverju þáttökulandi fyrir sig, þar sem niðurstöðum viðkomandi lands er lýst nánar. Háskólinn í Reykjavík hefur tekið þátt í GEM-rannsókninni fyrir Íslands hönd frá árinu 2002 og kemur íslenska skýrslan nú út í þriðja sinn.

Markmiðið með skýrslunni er þrjúþætt:

- Að gefa yfirlit yfir umfang, einkenni og umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2004.
- Að bera frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2004 saman við fyrri ár og valin samanburðarlönd.
- Að koma með ráðleggingar til stjórnvalda um hvernig auka megi þjóðhagslegan ávinning af frumkvöðlastarfsemi á Íslandi.

Skýrslan er byggð upp þannig að í 2. kafla er útskýrður sá grunnur sem GEM-rannsóknin byggir á og hvernig hún er framkvæmd. Í 3. kafla er gefið yfirlit yfir umfang, einkenni og umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2004. Í 4. kafla er frumkvöðlastarfsemi á Íslandi borin saman við frumkvöðlastarfsemi í völdum samanburðarlöndum fyrir árið 2004.

Í 5. kafla er frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2004 borin saman við fyrri ár. Í síðasta kaflanum, 6. kafla, eru niðurstöður teknar saman og settar fram ráðleggingar til stjórnvalda.

Með skýrslunni fylgir einnig svokallaður Frumkvöðlapúlur HR. Frumkvöðlapúlurinn dregur saman helstu niðurstöður um umfang, einkenni og umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi á myndrænan hátt þar sem staða mála árið 2004 er borin saman við samanburðarlöndin og fyrri ár. Markmiðið með frumkvöðlapúlunum er að draga saman niðurstöður rannsóknarinnar á einfaldan hátt svo auðveldara sé að fylgjast með stöðu og þróun frumkvöðlastarfsemi á Íslandi í framtíðinni.

2. UPPBYGGING GEM-RANNSÓKNARINNAR

Í þessum kafla er fjallað um uppbyggingu GEM-rannsóknarinnar. Fjallað er um uppruna rannsóknarinnar, þá þætti frumkvöðlastarfseminnar sem leitast er við að meta, forsendur sem gengið er út frá og hvernig staðið er að gagnasöfnun. Í kaflanum er einnig útskýrður sá grunnur sem skýrslan og niðurstöður hennar byggjast á.

BAKGRUNNUR

Global Entrepreneurship Monitor (GEM) er alþjóðlegt rannsóknarsamstarf sem hefur á undanförunum sex árum unnið að einni umfangsmestu rannsókn á frumkvöðlastarfsemi í heiminum. Með tilkomu GEM-verkefnisins var í fyrsta skipti aflað samanburðarhæfra gagna um frumkvöðlastarfsemi víðsvegar að úr heiminum.

Forsaga verkefnisins er sú að árið 1997 ákváðu London Business School og Babson College að leiða saman helstu sérfræðinga heims á sviði frumkvöðlastarfsemi til að rannsaka hið flókna samband frumkvöðlastarfsemi og hagvaxtar. Í kjölfarið var sett á fót alþjóðlegt rannsóknarverkefni þar sem leitast var við að svara eftirfarandi spurningum:

- Er munur á eðli og umfangi frumkvöðlastarfsemi eftir þjóðum?
- Hvað leiðir til umfangsmikillar frumkvöðlastarfsemi?
- Hefur frumkvöðlastarfsemi áhrif á hagvöxt landa?

Frá upphafi var gert ráð fyrir að rannsóknin yrði alþjóðleg langtímarannsókn þar sem fjöldi þáttökulanda færi vaxandi með hverju ári. Fyrsta GEM-rannsóknin var gerð árið 1999 í 10 löndum. Í ár byggjast niðurstöðurnar á gögnum frá 34 löndum en alls hafa 44 lönd tekið þátt í rannsókninni. Íslandi var boðin þátttaka árið 2002 og var þessi rannsókn því gerð í þriðja skipti hér á landi árið 2004. Lista yfir þáttökulöndin árið 2004 má sjá í töflu 1.

Tafla 1 - Þáttökulönd árið 2004

Heimsálf	Lönd
Evrópa	Belgía, Bretland, Danmörk, Finnland, Frakkland, Írland, Ísland, Ítalía, Grikkland, Holland, Króatía, Noregur, Portúgal, Pólland, Slóvenía, Spánn, Svíþjóð, Ungverjaland, Þýskaland
Norður-Ameríka	Bandaríkin, Kanada
Suður-Ameríka	Argentína, Brasilía, Ekvador, Perú
Afríka og Miðausturlönd	Ísrael, Jórdanía, Suður-Afríka, Úganda
Asía og Eyjaálfa	Ástralía, Hong Kong, Japan, Nýja Sjáland, Singapore

FORSENDUR

Í GEM-rannsókninni er árlega lagt mat á þrjá meginþætti í frumkvöðlastarfsemi sérhvers lands:


- *Umfang:* Hversu mikil er frumkvöðlastarfsemin?
- *Einkenni:* Hvað einkennir þá frumkvöðlastarfsemi sem á sér stað?
- *Umhverfi:* Við hvaða aðstæður býr frumkvöðlastarfsemin?

Til þess að geta metið þessa þætti þarf að ganga út frá ákveðnum forsendum um hvað telst til frumkvöðlastarfsemi, hvaða einkenni séu áhugaverð og hvaða þættir það eru í umhverfinu sem hafa áhrif á umfang og eðli frumkvöðlastarfsemi.

FRUMKVÖÐLASTARFSEMI

Í GEM-rannsókninni er frumkvöðlastarfsemi skilgreind sem sú starfsemi sem hefur þann tilgang að koma á fót nýrri viðskiptastarfsemi, hvort heldur sem er með stofnun fyrirtækis eða með því að hefja sjálfstæða atvinnustarfsemi á einhvern annan hátt. Litið er svo á að skipta megi ferlinu við að koma á fót nýrri viðskiptastarfsemi í fjóra hluta (sjá mynd 1).

Mynd 1 - Ferlið við að koma á fót nýrri viðskiptastarfsemi



Til fyrsta hluta teljast þeir einstaklingar sem hafa áhuga á því að koma á fót nýrri viðskiptastarfsemi en vinna ekki marktítt að því. Þeir hafa því ekki hafið frumkvöðlastarfsemi en eru líklegir til þess í framtíðinni.

Til annars hluta teljast þeir sem undirbúa nýja viðskiptastarfsemi, t.d. með upplýsingaöflun, útvegum húsnæðis, gerð viðskiptaáætlunar o.þ.h. Þeir teljast því stunda frumkvöðlastarfsemi þrátt fyrir að viðskiptastarfsemin sé ekki hafin.

Til þriðja hluta teljast þeir sem hafa stofnað til nýrrar viðskiptastarfsemi á síðustu 42 mánuðum, hvort heldur á eigin vegum eða á vegum atvinnurekenda sinna¹. Þar sem rannsóknir hafa sýnt (Reynolds, Bosma og Autio, 2005) að lífslíkur nýrra fyrirtækja aukast umtalsvert ef þau lifa af fyrstu 4-5 árin voru fyrstu 42 mánuðir (3,5 ár) valdir sem heppileg tímamörk fyrir þennan mótnartíma starfseminnar þar sem brugðið getur til beggja vona². Þessir einstaklingar teljast því stunda frumkvöðlastarfsemi.

Til fjórða hluta teljast þeir sem eiga hluta í og taka þátt í að stýra viðskiptastarfsemi sem hefur verið stunduð í meira en 42 mánuði. Þessir einstaklingar stýra viðskiptastarfsemi sem þegar hefur verið komið á fót og teljast því ekki stunda frumkvöðlastarfsemi.

Umfang frumkvöðlastarfsemi í hverju landi (Total Entrepreneurial Activity, TEA) er því skilgreint sem hlutfall þeirra einstaklinga sem annað hvort vinna að undirbúningi á nýrri viðskiptastarfsemi eða hafa stofnað til hennar á síðustu 42 mánuðum³. Þeir sem eru bæði með viðskiptastarfsemi í undirbúningi og nýlega starfsemi eru aðeins taldir einu sinni í TEA.

EINKENNI FRUMKVÖÐLASTARFSEMI

Þegar skoðuð eru einkenni frumkvöðlastarfsemi er lögð áhersla á tvo þætti. Í fyrsta lagi er lögð áhersla á að greina þáttöku einstakra þjóðfélagshópa í frumkvöðlastarfsemi. Skoðuð er þátttaka eftir aldri, kyni, menntun og tekjum. Í öðru lagi er reynt að meta möguleg efnahagsleg áhrif af frumkvöðlastarfseminni, bæði hjá einstökum fyrirtækjum og í heild. Mismunandi áhrif ráðast af þeirri nýsköpun sem á sér stað, hversu mikill ávinningur getur myndast auk þess sem færni til þess að byggja upp nýja viðskiptastarfsemi skiptir miklu máli til þess að áhrifin nái fram að ganga.

Eftir því sem nýsköpun er meiri, hefur ný viðskiptastarfsemi meiri áhrif á uppbyggingu og þróun hagkerfisins. Byltingarkennd nýsköpun getur leitt til þess að eldri vörur verði úreltar og þannig kippt stöðunum undan starfandi fyrirtækjum á markaði. Slíkar breytingar geta líka skapað nýjar atvinnugreinar sem viðbót við aðrar eða á kostnað þeirra.

Eftir því sem ávinningur er meiri, hefur ný viðskiptastarfsemi meiri áhrif á vöxt hagkerfisins. Ávinningur getur leitt til atvinnusköpunar, aukinnar verðmætasköpunar hjá viðskiptavinum og hagnaðar hjá fjárfestum.

Um þessar mundir er gjarnan talað um að nýsköpun innan þekkingariðnaðarins hafi sérstakt vægi í efnahagslífinu. Mikið af þeim vörum og þjónustu sem mest áhrif hafa á efnahagslífið og mestum ávinningi geta skilað, byggja á öflun og beitingu nýrrar þekkingar. Á það bæði við um tækniþekkingu og aðra sérfræðiþekkingu. Þess vegna er frumkvöðlastarfsemi innan þekkingariðnaðarins talin merki um að þjóðin hafi

¹ Aðeins telst til frumkvöðlastarfsemi sú viðskiptastarfsemi sem viðkomandi tekur þátt í að stýra. Viðkomandi telst því ekki taka þátt í frumkvöðlastarfsemi ef hann vinnur að undirbúningi eða á eignarhlut í fyrirtæki en tekur ekki þátt í stjórnun viðkomandi starfsemi.

² Praktískar ástæður lágu að baki því að notast var við 3,5 ár frekar en 4 ár. Starfsemi telst hafin þegar greidd eru laun og auðveldast er að spyrja hvaða ár launagreiðslur hófust. Þar sem könnun er gerð í júní ár hvert þá hlaupa öll tímabil á hálfum árum, þ.e. ef greidd hafa verið laun á því ári sem könnun er framkvæmd þá er það á síðustu 6 mánuðum, ef greidd hafa verið laun frá árinu áður þá er það á síðustu 18 mánuðum o.s.frv.

³ Það er rétt að geta þess að GEM-rannsóknin nær einungis til frumkvöðlastarfsemi innan starfandi fyrirtækja ef hún leiðir til stofnunar nýrra fyrirtækja. Í mörgum tilvikum stofna starfandi fyrirtæki til nýrrar viðskiptastarfsemi án þess að því fylgi stofnun sérstaks fyrirtækis. Þetta er veikleiki á rannsókninni sem unnið er að að leysa.

burði til þess að nýta sér þau miklu tækifæri sem þar bjóðast.

Síðast en ekki síst skiptir færni einstaklinga til að koma auga á viðskiptatækifæri og byggja upp árangursríka viðskiptastarfsemi miklu máli til þess að nýta þá möguleika sem felast í frumkvöðlastarfsemi. Minni færni eykur líkurnar á því að tíma og fjármunum sé varið í starfsemi sem ekki á framtíð fyrir sér eða að góð tækifæri séu ekki nýtt.

Þau einkenni frumkvöðlastarfsemi sem mest áhersla er lögð á í GEM-rannsókninni eru væntingar um nýsköpun og ávinning. Auk þess er safnað upplýsingum um eðli viðskiptastarfseminnar og færni þeirra einstaklinga sem að henni standa. Til viðbótar í íslensku rannsókninni er sérstaklega aflað upplýsinga um það hvort viðskiptastarfsemin byggir á tækniþekkingu stofnenda.


UMHVERFI

Í GEM-rannsóknarverkefninu hefur verið sett upp svokallað GEM-líkan til þess að skilgreina hvaða þættir það eru í umhverfinu sem taldir eru hafa áhrif á aðstæður til frumkvöðlastarfsemi (sjá mynd 2).

Í grundvallaratriðum er gert ráð fyrir almennum þáttum sem hafa áhrif á aðstæður fyrirtækja og annarrar atvinnustarfsemi, en auk þess eru níu grunn-skilyrði sem talin eru hafa sérstaka þýðingu fyrir frumkvöðlastarfsemi.

- 1) Fjármagnsstuðningur.** Aðgangur að fjármagni fyrir ný og vaxandi fyrirtæki, hvort sem um er að ræða styrki, hlutafé eða lán.
- 2) Stefna hins opinbera.** Hversu letjandi, hlutlaus eða hvetjandi stefna og reglur hins opinbera eru gagnvart nýjum og vaxandi fyrirtækjum.
- 3) Verkefni á vegum hins opinbera.** Umfang og skilvirkni verkefna til að aðstoða ný og vaxandi fyrirtæki.

Mynd 2 - GEM-líkanið



- 4) Menntun og þjálfun.** Umfang og gæði frumkvöðla-
menntunar innan skóla- og símenntunarkerfisins.
- 5) Útbreiðsla rannsóknar- og þróunarstarfs
(R&P)⁴.** Umfang viðskiptatækifæra sem spretta
upp innan vísinda- og rannsóknarsamfélagsins, og
aðgengi nýrra og vaxandi fyrirtækja að þeim.
- 6) Grunnstoðir viðskiptalífsins.** Aðgangur
að viðskiptaþjónustu, t.d. rekstrarráðgjöf,
endurskoðun og lögfræðiþjónustu auk annarra
stofnana sem virka hvetjandi á stofnun nýrra og
vaxandi fyrirtækja.
- 7) Inngöngu- og samkeppnishindranir.** Að hve miklu
eða litlu leyti er komið í veg fyrir að ný og vaxandi
fyrirtæki keppi við eða slái út starfandi fyrirtæki.
- 8) Aðgangur að grunnaðstöðu.** Aðgangur nýrra
og vaxandi fyrirtækja að samskiptaleiðum,
samgönguneti, húsnæði, rafmagni og annarri
grunnaðstöðu.
- 9) Menningarlegar og samfélagslegar venjur.**
Hversu letjandi, hlutlausar eða hvetjandi
menningar og samfélagslegar venjur eru gagnvart
frumkvöðlastarfsemi.

GAGNASÖFNUN

Samanburðarhæfra gagna til þess að meta umfang,
einkenni og umhverfi frumkvöðlastarfsemi í hverju landi
er aflað á fjóra vegu:

- Með spurningakönnun meðal fólks á aldrinum 18-
64 ára af öllu landinu.
- Með viðtölum við sérfræðinga (ekki gert á Íslandi
árið 2004).
- Með spurningalista sem lagður er fyrir
sérfræðinga.
- Með gögnum frá alþjóðastofnunum, t.d. OECD.

Spurningakönnun meðal almennings

Meginmarkmið spurningakönnunarinnar er að mæla
umfang frumkvöðlastarfseminnar, einkenni hennar,
umfang einkafjárfestinga, og viðhorf og hæfni
almennings til frumkvöðlastarfsemi.

Í hverju þáttökulandi fyrir sig er valið slembiúrtak
fólks á aldrinum 18-64 ára og lagður fyrir það staðlaður
spurningalisti. Fjöldi svarenda í þáttökulöndunum var
allt frá því að vera 1000 manns upp í 27000 manns. Á
Íslandi var spurningakönnunin gerð með símakönnun
og auk stöðluðu spurninganna voru lagðar fyrir nokkrar
aukasurningar. Svör fengust frá 1800 manns en til að
ná þeim fjölda var hringt í 3570 manna tilviljunarúrtak
af öllu landinu. IMG Gallup annaðist símakönnunina sem
framkvæmd var dagana 16. júní til 15. júlí 2004.

Spurningakönnun meðal sérfræðinga

Árin 2002 og 2003 voru tekin viðtöl við alls 55
einstaklinga sem teljast sérfræðingar á sviði frumkvöðla-
starfsemi á Íslandi. Auk þess svöruðu þeir allir
stöðluðu spurningalista. Árið 2004 voru engin viðtöl
tekin en öllum sérfræðingunum frá árunum áður sendur
spurningalistinn. Alls svöruðu 28 sérfræðingar listanum.

Gögn frá alþjóðlegum stofnunum

Samræmdra gagna fyrir öll þáttökulöndin var aflað
frá alþjóðlegum stofnunum. Samhæfingarhópur
GEM-samstarfsins í London hafði veg og vanda af
gagnasöfnuninni en gögnin komu meðal annars frá
Sameinuðu þjóðunum, OECD, WTO og IMD.

SAMANTEKT

GEM-rannsóknin er eina rannsóknin þar sem
safnað er áreiðanlegum og samræmdum gögnum
um frumkvöðlastarfsemi um allan heim. Í GEM-
rannsókninni er frumkvöðlastarfsemi skilgreind sem
starfsemi sem hefur þann tilgang að koma á fót
nýrri viðskiptastarfsemi, hvort heldur sem er með
stofnun fyrirtækis eða með því að hefja sjálfstæða
atvinnustarfsemi á einhvern annan hátt. Upplýsingum
er safnað um hversu margir einstaklingar taka þátt í
frumkvöðlastarfsemi í hverju landi (umfang), hvað það
er sem einkennir frumkvöðlastarfsemi í hverju landi og
við hvaða aðstæður hún býr. Gögnum er safnað með
spurningakönnun meðal almennings og með aðstoð
sérfræðinga.

⁴ R&P er skammstöfun sem er notuð fyrir Rannsóknar- og þróunarstarf.

3. FRUMKVÖÐLASTARFSEMI Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004

Í þessum kafla verður fjallað um umfang, einkenni og umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi á árinu 2004. Markmiðið er að gefa heildarmynd af stöðu mála áður en samanburður er gerður við önnur lönd og fyrri ár.

UMFANG

Árið 2004 mældust 13,6% Íslendinga á aldrinum 18-64 ára, eða 1 af hverjum 7, þátttakendur í frumkvöðlastarfsemi eins og hún er skilgreind í GEM-rannsókninni (sjá töflu 2).

Tafla 2 - Umfang frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2004

	Hlutfall þjóðarinnar 18-64 ára	Fjöldi 18-64 ára með skekkjumörkum
Heildarfrumkvöðlastarfsemi (TEA)	13,6%	21.720 - 27.500
Í undirbúningi	7,7%	11.765 - 16.109
Nýleg starfsemi	6,2%	9.231 - 13.213
Væntanlegir	10,3%	15.928 - 21.358
Eiga og reka fyrirtæki	7,3%	11.041 - 15.385

Alls tóku 7,7% þjóðarinnar, eða 1 af hverjum 13 á þessu aldursbili, þátt í að undirbúa nýja viðskiptastarfsemi, t.d. með því að útvega tækjabúnað eða húsnæði, vinna að viðskiptaáætlun, setja saman vinnuhóp eða leggja fyrir peninga. Hlutfall þeirra sem höfðu nýlega hafið viðskiptastarfsemi var 6,2%, eða 1 af hverjum 16. Sé tekið tillit til skekkjumarka má því gróflega ætla að á bilinu 21-28 þúsund Íslendingar á aldrinum 18-64 ára hafi tekið þátt í frumkvöðlastarfsemi árið 2004, þar af 12-16 þúsund sem unnu að undirbúningi og 9-13 þúsund sem hófu viðskiptastarfsemi síðustu 42 mánuði áður en könnunin var framkvæmd.

Á árinu 2004 höfðu 10,3% þjóðarinnar á aldrinum 18-64 ára ekki hafið undirbúning en töldu líklegt að þau myndu stofna til nýrrar viðskiptastarfsemi á næstu þremur mánuðum. Á sama tíma unnu 7,3% við stjórnun eigin fyrirtækja sem voru eldri en 42 mánaða. Það má því segja að á bilinu 16-21 þúsund Íslendingar á aldrinum 18-

64 ára telji sig líklega til að hefja frumkvöðlastarfsemi á næstu 3 mánuðum, og 11-15 þúsund Íslendingum á þessu aldursbili hafi tekist á árangursríkan hátt að stofna til nýrrar viðskiptastarfsemi.

EINKENNI

Fjallað verður um einkenni frumkvöðlastarfseminnar í fjórum hlutum:

- Í fyrsta lagi verður fjallað um þátttöku einstakra þjófélagshópa m.t.t. aldurs, kyns, menntunar og tekna.
- Í öðru lagi verður fjallað um væntingar um ávinning og nýsköpun.
- Í þriðja lagi verður fjallað um umfang starfsemi innan þekkingariðnaðarins.
- Í fjórða lagi verður fjallað um færni til þess að skila árangri í frumkvöðlastarfsemi.

Þátttaka einstakra þjófélagshópa

Í töflu 3 má sjá niðurstöður um þátttöku í frumkvöðlastarfsemi eftir aldri. Í töflunni sést að stærsti einstaki hópurinn er á aldrinum 35-44 ára, en einstaklingar á aldrinum 25-54 ára líklegri en aðrir til að taka þátt í frumkvöðlastarfsemi. Aldursdreifingin er nokkuð „n-laga“ þar sem líkurnar eru mestar á miðjum aldri en minnka bæði fyrir þá sem eru yngri eða eldri.

Tafla 3 - Þátttaka í frumkvöðlastarfsemi eftir aldri

	Hlutfall af TEA	Hlutfall í TEA
18-24 ára	10%	7,8%
25-34 ára	22%	12,9%
35-44 ára	33%	18,5%
45-54 ára	24%	15,4%
55-64 ára	11%	10,3%
Alls (n=243)	100%	

Í töflu 4 má sjá niðurstöður um þátttöku kvenna í frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2004. Þar kemur fram að tæplega 35% þeirra sem stunda frumkvöðlastarfsemi á Íslandi eru konur. Þar kemur líka fram að karlar eru nálægt því að vera tvöfalt líklegri til þess að stunda frumkvöðlastarfsemi en konur. Á meðan 17,5% karla á Íslandi stunduðu frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2004, var hlutfallið 9,6% fyrir konur.

Tafla 4 - Þátttaka í frumkvöðlastarfsemi eftir kyni

	Hlutfall af TEA	Hlutfall í TEA
Karlar	65%	17,5%
Konur	35%	9,6%
Alls (n=245)	100%	

Í töflu 5 kemur fram að menntun þeirra sem stunda frumkvöðlastarfsemi er nokkuð jafnt skipt í þrjá flokka. Um þriðjungur þeirra sem stunda frumkvöðlastarfsemi hefur háskólapróf, en athygli vekur að líkur á að einstaklingar stundi frumkvöðlastarfsemi aukast með aukinni menntun.

Tafla 5 - Þátttaka í frumkvöðlastarfsemi eftir menntun

	Hlutfall af TEA	Hlutfall í TEA
Ekki með framhaldsskólapróf	30%	10,5%
Framhaldsskólapróf	38%	13,4%
Háskólapróf	32%	16,7%
Alls (n=235)	100%	

Í töflu 6 kemur fram að ríflega 40% þeirra sem stunda frumkvöðlastarfsemi tilheyra þeim hópi sem hefur lægst tekjur. Þrátt fyrir það aukast líkurnar á að stunda frumkvöðlastarfsemi með vaxandi tekjum.

Tafla 6 - Þátttaka í frumkvöðlastarfsemi eftir tekjum

	Hlutfall af TEA	Hlutfall í TEA
Lágtekjur	42%	11,9%
Miðtekjur	26%	12,5%
Hátekjur	32%	17,3%
Alls (n=235)	100%	

Ávinningur og nýsköpun

Ekki er sjálfgefið að einstaklingar leggi út í frumkvöðlastarfsemi í von um fjárhagslegan ávinning. Rannsóknir hafa sýnt að algengasta ástæðan fyrir því að einstaklingar hefja frumkvöðlastarfsemi er vonin um sjálfstæði eða möguleikinn á því að hrinda í framkvæmd eigin hugmyndum (Scheinberg og MacMillan, 1988). Frá sjónarhóli stjórnvalda sem vilja styðja við bakið á frumkvöðlastarfsemi er þó í flestum tilvikum horft til þess efnahagslega ávinnings sem af starfsemi getur hlotist, hvort sem er til skemmri eða lengri tíma. Í því tilviki skiptir máli sú atvinnusköpun sem af starfseminni hlýst, arðsemi hennar og nýsköpun.

Í töflu 7 má sjá að mismunandi væntingar eru gerðar til fjölda þeirra sem munu starfa við viðskiptastarfsemina eftir fimm ár. Í ríflega 9% tilvika er aðeins gert ráð fyrir störfum fyrir eigendur og í rúmlega helmingi tilvika er gert ráð fyrir fimm eða færri störfum. Athygli vekur að í yfir 20% tilvika er gert ráð fyrir 20 störfum eða fleiri.

Tafla 7 - Áætlað umfang viðskiptastarfseminnar eftir 5 ár mælt í fjölda starfsfólks

Fjöldi starfsmanna aðrir en eigendur eftir 5 ár	Hlutfall af TEA
Enginn	9,3%
1 til 5	45,1%
6 til 19	24,9%
20 eða fleiri	20,7%
Alls (n=193)	100%

Væntingar um vöxt eru nánast alveg þær sömu hjá þeim einstaklingum sem undirbúa nýja viðskiptastarfsemi og hjá þeim sem nýlega hafa stofnað til nýrrar viðskiptastarfsemi. Þetta kemur nokkuð á óvart þar sem alþjóðlega GEM-rannsóknin hefur sýnt ár hvert að þeir sem undirbúa viðskiptastarfsemi séu bjartsýnni á starfsmannavöxt en þeir sem hafa þegar stofnað til nýrrar viðskiptastarfsemi. Þeir síðarnefndu eru líklegri til þess að vera reynslunni ríkari við að reyna að halda fyrirtækjum sínum á lífi og því raunsærri á þá möguleika til vaxtar sem þeim bjóðast.

Í töflu 8 má sjá væntingar til arðsemi þeirrar viðskiptastarfsemi sem nú er í undirbúningi. Þar kemur fram að í tæplega 60% tilvika er gert ráð fyrir að eigið fjárframlag skili sér meira en fimmfalt til baka. Í einungis 10% tilvika er gert ráð fyrir að eigið framlag skili sér ekki til baka að fullu. Það er því mikils vænst af þeirri starfsemi sem er í undirbúningi.

Tafla 8 - Væntingar þeirra sem eru að undirbúa viðskiptastarfsemi um hversu hátt hlutfall af eigin framlagi skili sér til baka

Hversu mikið skilar sér til baka þar sem 1 er upphæðin sem lögð var í starfsemi	Hlutfall þeirra sem eru í undirbúningi
< 1	9,3%
1 til 5	45,1%
> 5	24,9%
Alls (n=79)	100%

Einn mælikvarði á mögulegan ávinning er stærð þess markaðskíma sem viðskiptastarfsemin nær til. Vegna fámennis er hægt að ná takmörkuðum ávinningi á íslenska markaðnum og því mikilvægt að sækja á erlenda markaði ef verulegur ávinningur á að nást. Í töflu 9 má sjá að tæplega 12% gera ráð fyrir að 75-100% af viðskiptavinum sínum komi erlendis frá. Á sama tíma gera um 75% ráð fyrir að minna en 25% af viðskiptavinum komi erlendis frá. Ávinningur einskorðast því við möguleika íslenska markaðarins í nærri þremur af hverjum fjórum tilvikum.

Tafla 9 - Væntingar um útrás

Hlutfall viðskiptavina erlendis	Hlutfall af TEA
Enginn viðskiptavinur	23%
1-24%	52%
25-74%	13%
75-100%	12%
Alls (n=229)	100%

Í heild má segja að þeir sem stunduðu frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2004 geri sér miklar vonir um ávinning af starfseminni. Um helmingur gera sér vonir um umtalsverðan fjölda starfsfólks eftir fimm ár og mikla arðsemi en einungis um 25% gerir ráð fyrir umtalsverðum fjölda erlendra viðskiptavina.

Beinn efnahagslegur ávinningur af frumkvöðlastarfsemi kemur fram í atvinnusköpun og ávöxtun til hluthafa. Þessi ávinningur getur byggst á nýsköpun, en auk þess getur nýsköpun haft jákvæð áhrif á efnahagslífið án þess að þeir njóti ávinningsins sem standa fyrir henni. Þess vegna er áhugavert að skoða umfang nýsköpunar í sjálfu sér.

Einn mælikvarði á nýsköpun er hversu mikil samkeppni er um þær vörur og þjónustu sem settar eru á markað. Eftir því sem samkeppnin er minni er um meiri nýsköpun

að ræða. Eins og sjá má í töflu 10 telja um 20% af þeim sem stunda frumkvöðlastarfsemi að engin samkeppni sé við sambærilegar vörur en 46% telja að samkeppnin sé mikil. Því mætti ætla að í 20% tilvika sé starfsemin mjög nýskapandi.

Tafla 10 - Væntingar um samkeppni

Samkeppni til staðar	Hlutfall af TEA
Mikil	46%
Einhver	34%
Engin	20%
Alls (n=250)	100%

Annar mælikvarði á nýsköpun er markaðslegt nýnæmi. Eftir því sem markaðslegt nýnæmi (ný vara og/eða þjónusta) er meira er nýsköpunin meiri. Í töflu 11 sést að 17% telja markaðslegt nýnæmi mikið á meðan yfir 50% bjóða fram vöru og þjónustu sem þegar er til á markaðnum.

Tafla 11 - Væntingar um markaðslegt nýnæmi

Ný vara/þjónusta	Hlutfall af TEA
Miklar	17%
Einhverjar	32%
Engar	52%
Alls (n=252)	100%

Þriðji mælikvarðinn á nýsköpun er nýnæmi þeirrar tækni eða aðferða sem vörur og þjónusta byggja á. Í töflu 12 sést að í tæplega 25% tilvika byggja vörur eða þjónusta á tækni eða aðferðum sem ekki voru aðgengilegar fyrir ári síðan.

Tafla 12 - Væntingar um tæknilegt nýnæmi

Tæknilegt nýnæmi	Hlutfall af TEA
Tækni og aðferðir aðgengilegar fyrir ári síðan	76%
Tækni og aðferðir EKKI aðgengilegar fyrir ári síðan	24%
Alls (n=251)	100%

Þótt um 15-30% af frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2004 geti talist nýskapandi samkvæmt þeim mælikvörðum sem notaðir hafa verið hér að ofan, er ljóst að í flestum tilvikum snýst frumkvöðlastarfsemi á Íslandi um að setja á fót viðskiptastarfsemi með vörur og þjónustu sem þegar er til á markaðnum og á í talsverðri samkeppni við þá sem þar er fyrir.

Eins og áður hefur komið fram þarf ekki að vera beint samband milli ávinnings og nýsköpunar. Frumkvöðlastarfsemi getur verið mjög nýskapandi án þess að skila miklum ávinningi og öfugt. Sé ávinningur og nýsköpun tekin saman kemur í ljós að 59% einstaklinga telja viðskiptastarfsemi sína töluvert nýskapandi eða búast við að fleiri en fimm starfsmenn starfi við hana eftir fimm ár (sjá töflu 13). Þar af eru 11% sem gera ráð fyrir að í starfseminni felist töluvert nýsköpun og að hún skili umtalsverðum ávinningi. Um 41% allra þeirra sem stunduðu frumkvöðlastarfsemi árið 2004 gerir hvorki ráð fyrir umtalsverðri nýsköpun né ávinningi.

Tafla 13 - Væntingar um ávinning og nýsköpun

	Hlutfall af TEA
Umtalsverð nýsköpun OG ávinningur	11%
Umtalsverð nýsköpun EÐA ávinningur	48%
Hvorugt	41%
Alls (n=209)	100%

Bekkingariðnaður

Nokkur einkenni frumkvöðlastarfseminnar gefa til kynna hvort tækifæri innan þekkingariðnaðar séu nýtt. Áður hefur verið fjallað um menntun þeirra sem stunda frumkvöðlastarfsemi, en háskólamenntun er gjarnan forsenda þess að nýta sér tækifæri sem byggja á sérþekkingu. Önnur einkenni eru umfang fyrirtækjaþjónustu og tæknifyrirtækja.

Á meðan þekking er mikilvæg í öllum tegundum fyrirtækja tilheyra sérhæfð þekkingarfyrirtæki yfirleitt flokki þeirra fyrirtækja sem veita fyrirtækjaþjónustu, t.d. ýmiskonar ráðgjafarþjónustu. Í töflu 14 má sjá skiptingu frumkvöðlastarfseminnar eftir atvinnugreinum. Þar kemur fram að tæplega fjórðungur starfseminnar fellur undir fyrirtækjaþjónustu á meðan einungis 6% tilheyra frumatvinnugreinunum. Iðnaður og samgöngur ásamt neytendajónustu eru samt sem áður stærstu atvinnugreinarnar en um 35% starfseminnar flokkast í hvorn flokk.

Tafla 14 - Frumkvöðlastarfsemi eftir atvinnugreinum

Atvinnugreinar	Hlutfall af TEA
Frumatvinnugreinar	6%
Iðnaður og samgöngur	35%
Fyrirtækjaþjónusta	25%
Neytendajónusta	34%
Alls (n=159)	100%

Tæknimiðuð frumkvöðlastarfsemi er sérstakur flokkur þekkingarstarfsemi sem tilheyrir ekki endilega fyrirtækjaþjónustu. Tæknimiðuð frumkvöðlastarfsemi byggir sérstöðu sína á því að tækniþekking einstaklinga í hópi þeirra sem að henni standa liggur til grundvallar greiningu og nýtingu viðskiptatækifæra. Tveir mælikvarðar eru notaðir til þess að meta umfang þessarar starfsemi. Annars vegar er gengið út frá því hvort viðskiptastarfsemin byggir á tækniþekkingu stofnenda á sviði náttúruvísinda, verkfræði⁵ eða læknisfræði, og hins vegar hvort starfsemin tilheyrir svokölluðum tækniatvinnugreinum⁶.

Tafla 15 sýnir að ekki er samræmi milli þessara tveggja mælikvarða. Á meðan 34% þeirra einstaklinga sem taka þátt í frumkvöðlastarfsemi telja að viðskiptastarfsemin byggir á tækniþekkingu stofnenda telst aðeins 9% af starfseminni til tækniatvinnugreina. Minnihluti þeirrar starfsemi sem byggir á tækniþekkingu stofnenda telst því til tækniatvinnugreina.

Tafla 15 - Umfang tæknimiðaðrar frumkvöðlastarfsemi

	Hlutfall af TEA
Byggir á tækniþekkingu (n=242)	34%
Tilheyrir tæknistarfsemi (n=215)	9%

Færni og árangur

Til þess að byggja upp árangursríka viðskiptastarfsemi er tvenns konar færni mikilvæg. Annars vegar færni til að meta viðskiptatækifæri og hins vegar færni til að byggja upp og reka fyrirtæki. Í staðlaða GEM-spurningalistanum er spurt um færni til að byggja upp og reka fyrirtæki. Í íslenska spurningalistanum var bætt við spurningu um getu til að meta viðskiptatækifæri. Í töflu 16 má sjá niðurstöður um færni Íslendinga á þessum tveimur sviðum árið 2004. Þar kemur fram að um 60% þjóðarinnar telja sig hafa færni á öðru þessara sviða eða báðum. Þar kemur líka fram að líkurnar á því hvort einstaklingar taki þátt í frumkvöðlastarfsemi eða ekki aukast með aukinni færni. Þannig eru aðeins 3% líkur á því að sá sem telur sig hafa færni á hvorugu sviðinu stundi frumkvöðlastarfsemi, en 27% líkur fyrir þá sem telja sig hafa færni á þeim báðum.

⁵ Til verkfræði teljast, auk hefðbundinna greina verkfræðinnar, tæknifræðigreinar á háskólastigi og tölvunarfræði.

⁶ Til tæknigreina teljast þær atvinnugreinar sem flokkast sem „high-tech“ og „medium-tech“ samkvæmt skilgreiningu OECD (Hatzichronoglou, 1997).

Tafla 16 - Frumkvöðlafærni á Íslandi 2004

	Hlutfall þjóðarinnar 18-64 ára	Hlutfall í TEA
Viðkomandi telur sig hafa þekkingu og reynslu til að meta viðskiptatækifæri OG til að stofna fyrirtæki	27%	27%
Viðkomandi telur sig ANNAÐ HVORT hafa þekkingu og reynslu til að meta viðskiptatækifæri EÐA til að stofna fyrirtæki	30%	9%
Viðkomandi telur sig HVORKI hafa þekkingu eða reynslu til að meta viðskiptatækifæri NÉ til að stofna fyrirtæki	43%	3%
Alls (n=1180)	100%	

Sérstaklega var kannað mat þeirra einstaklinga sem undirbúa viðskiptatækifæri á eigin færni til frumkvöðlastarfsemi til þess að sjá hversu hátt hlutfall þeirra teldi sig hafa þá færni. Þar kemur fram að þrátt fyrir að langflestir telji sig hafa færni á a.m.k. öðru sviðinu, eru 14% sem undirbúa nýja viðskiptastarfsemi án þess að telja sig hafa þá færni sem til þarf (sjá töflu 17).

Tafla 17 - Færni þeirra sem eru í undirbúningi

	Hlutfall einstaklinga í undirbúningi
Viðkomandi telur sig hafa þekkingu og reynslu til að meta viðskiptatækifæri OG til að stofna fyrirtæki	74%
Viðkomandi telur sig ANNAÐ HVORT hafa þekkingu og reynslu til að meta viðskiptatækifæri EÐA til að stofna fyrirtæki	12%
Viðkomandi telur sig HVORKI hafa þekkingu eða reynslu til að meta viðskiptatækifæri NÉ til að stofna fyrirtæki	14%
Alls (n=74)	100%

Þó að einstaklingar vinni að undirbúningi nýrrar viðskiptastarfsemi og telji sig færa um að hrinda henni í framkvæmd er ekki víst að af því verði þegar á hólminn er komið. Auk þess er hugsanlegt að starfsemin verði lögð niður fljótlega eftir að hún er hafin vegna þess að hún gengur ekki upp. Þó að umfang frumkvöðlastarfsemi mælist mikið á Íslandi er ekki sjálfgefið að ný viðskiptastarfsemi nái fótfestu í eins miklum mæli. Þar sem

GEM-rannsóknin fylgir ekki einstaklingum eftir milli ára er erfitt að meta nákvæmlega hvernig gengur í hverju tilviki. Hins vegar eru viðmælendur í rannsókninni spurðir hvort þeir hafi lagt niður fyrirtæki eða sjálfstæða starfsemi á síðastliðnum 12 mánuðum. Þó að hlutfall þeirra sem það hafa gert sé ekki nákvæmur mælikvarði á afföll í frumkvöðlastarfsemi á Íslandi getur það gefið vísbendingu um þau, sérstaklega þegar það er borið saman við önnur lönd og á milli ára.

Í júní 2004 höfðu 3,1% Íslendinga á aldrinum 18-64 ára lagt niður starfsemi síðastliðna 12 mánuði, sem samsvarar 4-7 þúsund manns þegar tekið hefur verið tillit til skekkjumarka. Til samanburðar má geta þess að á sama tíma var fjöldi þeirra sem stundaði frumkvöðlastarfsemi 20-30 þúsund.

Í heild má segja að mikill meirihluti Íslendinga telji sig hafa a.m.k. hluta þeirrar færni sem þarf til þess að stunda frumkvöðlastarfsemi. Þrátt fyrir það eru tiltölulega fáir sem telja sig bæði hafa færni til að meta viðskiptatækifæri og til að stofna fyrirtæki. Eftir því sem einstaklingar telja sig hafa meiri færni eru þeir líklegri til þess að stunda frumkvöðlastarfsemi. Hins vegar vekur athygli að hópur einstaklinga stundar frumkvöðlastarfsemi þrátt fyrir að telja sig ekki hafa nauðsynlega færni til þess.

UMHVERFI

Í GEM-rannsóknarverkefninu hefur verið stillt upp líkani sem felur í sér níu grunnskilyrði sem hafa hvetjandi eða letjandi áhrif á frumkvöðlastarfsemi í hverju landi. Í þessum hluta verða kynntar niðurstöður um mat sérfræðinga á grunnskilyrðunum á Íslandi árið 2004. Fyrst eru þó skoðuð viðhorf almennings til frumkvöðlastarfsemi eins og þau koma fram í símakönnuninni og í lokin eru grunnskilyrði um fjármögnun skoðuð sérstaklega.

Viðhorf almennings til frumkvöðlastarfsemi

Þátttakendur í símakönnuninni voru beðnir um að meta hvort þeir væru sammála eða ósammála eftirfarandi þremur fullyrðingum um viðhorf á Íslandi til atriða sem tengjast frumkvöðlastarfsemi. Fullyrðingarnar voru eftirfarandi:

- Flestir Íslendingar telja stofnun fyrirtækja eftirsóknarverðan starfsvettvang.

- Þeir Íslendingar sem tekst á árangursríkan hátt að stofna fyrirtæki njóta mikillar virðingar og metorða á Íslandi.
- Á Íslandi er oft sagt frá árangursríkum nýjum fyrirtækjum í fjölmiðlum.

Niðurstöðurnar má sjá í töflu 18. Á heildina litið má segja að viðhorf almennings séu jákvæð gagnvart frumkvöðlastarfsemi, þar sem í öllum tilvikum er meirihluti fólks sammála hverri fullyrðingu. Sérstaklega virðast fjölmiðlar standa sig vel í því að segja frá árangursríkum nýjum fyrirtækjum en tæplega 80% þjóðarinnar eru sammála þeirri fullyrðingu.

Tafla 18 - Menning og viðhorf almennings 2004

	Hlutfall þjóðarinnar 18-64 ára
Flestir Íslendingar telja stofnun fyrirtækja eftirsóknarverðan starfsvettvang (n=751)	60,7%
Þeir Íslendingar sem tekst á árangursríkan hátt að stofna fyrirtæki njóta mikillar virðingar og metorða á Íslandi (n=748)	66,3%
Á Íslandi er oft sagt frá árangursríkum nýjum fyrirtækjum í fjölmiðlum (n=856)	78,3%

Grunnskilyrðin

Í töflu 19 má sjá samantekt um mat sérfræðinga á þeim níu skilyrðum sem skilgreind eru í GEM-líkaninu. Fimm til sex spurningar voru spurðar fyrir hvert grunnskilyrðanna á fullyrðingaformi þar sem svarmöguleikarnir voru á skalanum 1 (mjög ósammála) upp í 5 (mjög sammála). Reiknuð hefur verið út meðaleinkunn á bilinu 1 til 5 fyrir hvert skilyrði þar sem hærri einkunn lýsir meiri ánægju með stöðu mála⁷. Til einföldunar hefur einkunum verið skipt upp í fimm bil. Gildi á bilinu 1-1,49 lýsa mikilli óánægju með ástand mála hvað varðar viðkomandi grunnskilyrði, gildi á bilinu 1,5-2,49 nokkurri óánægju, gildi á bilinu 2,5-3,49 lýsa hlutleysi, gildi á bilinu 3,5-4,49 lýsa nokkurri ánægju og að síðustu lýsa gildi á bilinu 4,5-5 mikilli ánægju með stöðu mála.

Tafla 19 - Samantekt á mati sérfræðinganna á grunnskilyrðunum 2004

	Jákvæðir/neikvæðir
Fjármagnsstuðningur	Frekar neikvæðir
Verkefni á vegum hins opinbera	Frekar neikvæðir
Menntun og þjálfun	Hlutlausir
Árangur á grunn- og framhaldsskólastigi	Frekar neikvæðir
Árangur í framhaldsmenntun/annarri menntun/símenntun	Hlutlausir
Útbreiðsla rannsóknar- og þróunarstarfs	Hlutlausir
Inngöngu- og samkeppnishindranir	Hlutlausir
Inngönguhindranir	Hlutlausir
Samkeppnishindranir	Hlutlausir
Grunnstoðir viðskiptalífsins	Hlutlausir
Stefna hins opinbera	Hlutlausir
Almenn stefna	Hlutlausir
Skriffræði og reglur (hversu auðvelt er að stofna fyrirtæki, hraði, reglur ríkisins o.fl.)	Frekar jákvæðir
Menningarlegar og samfélagslegar venjur	Frekar jákvæðir
Aðgangur að grunnaðstöðu	Frekar jákvæðir

Samkvæmt töflu 19 liggja helstu veikleikar umhverfisins á Íslandi í menntun og þjálfun, fjármagnsstuðningi og skilvirkni og árangri í verkefnum hins opinbera. Sérstök óánægja er með skort á frumkvöðlamenteun á grunn- og framhaldsskólastigi. Sérfræðingarnir töldu að í grunn- og framhaldsskólanámi væri ekki ýtt nægilega undir sköpunargleði, ekki væri kennt nægilega um grundvallaratriði markaðarins, og töldu að frumkvöðlastarfsemi og stofnun nýrra fyrirtækja fengju ekki næga athygli í náminu. Afstaðan gagnvart menntun og þjálfun á háskólastigi er hlutlausari. Sérfræðingarnir voru í heild hvorki sammála né ósammála um að boðið væri upp á góða og fullnægjandi menntun í stofnun nýrra og vaxandi fyrirtækja, að gæði kennslu í viðskiptafræði og stjórnun væri fullnægjandi til stofnunar nýrra og vaxandi fyrirtækja og að undirbúningur í starfsþjálfunarnámi, starfsréttindanámi og símenntun veitti góðan undirbúning fyrir sjálfstæðan rekstur.

Sérfræðingarnir voru frekar ósammála því að nægt fjármagn væri í boði fyrir ný og vaxandi fyrirtæki. Sérstaklega voru þeir ósammála því að nægilegt framboð væri á fjármagni frá framtaksfjárfestum, á meðan þeir voru hlutlausari gagnvart framboði lánsfjármagns og fjármagns frá utanaðkomandi einstaklingum. Nánar verður fjallað um framboð og eftirspurn á áhættufjármagni í næsta hluta þessa kafla. Á heildina litið voru sérfræðingarnir frekar ósammála

⁷ Í sumum tilvikum þegar það á við er gefin sundurliðuð einkunn fyrir einstaka þætti innan viðkomandi grunnskilyrðis.

fullyrðingunum sem snéru að því að verkefni hins opinbera væru skilvirk og skiluðu góðum árangri. Þeir voru frekar ósammála því að á Íslandi geti ný og vaxandi fyrirtæki fengið margvíslega aðstoð frá hinu opinbera á einum stað, að í gangi sé nægjanlegur fjöldi verkefna á vegum ríkisins sem styður við bakið á nýjum og vaxandi fyrirtækjum og að næstum hver sem þarfnast aðstoðar fyrir ný og vaxandi fyrirtæki geti fengið hana frá verkefnum á vegum ríkisins. Þeir voru hlutlausir í svörum sínum gagnvart því að á Íslandi veiti tæknigarðar og klakstöðvar fyrir fyrirtæki árangursríkan stuðning við ný og vaxandi fyrirtæki, að starfsfólk þeirra stofnana hins opinbera sem styðja við bakið á nýjum og vaxandi fyrirtækjum sé hæft og farsælt í sínu starfi og að aðgerðir hins opinbera, sem miða að því að styðja við ný og vaxandi fyrirtæki, séu árangursríkar.

Samkvæmt töflu 19 telja sérfræðingarnir menningarlegar venjur, reglur hins opinbera og aðgang að aðstöðu vera helstu styrkleika í umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi. Sérfræðingarnir eru því frekar sammála því að á Íslandi styðji menning þjóðarinnar vel við einstaklinga sem komast áfram af eigin rammleik. Sérfræðingarnir voru hlutlausir þegar spurt var hvort stofnun áhættusamra fyrirtækja væri talin vænleg leið til þess að auðgast. Hins vegar voru þeir frekar sammála því að fólk telji frumkvöðlastarfsemi vera eftirsóknarverðan starfsvettvang, að frumkvöðlar sem hafa náð góðum árangri njóti virðingar og metorða, að umfjöllun um frumkvöðla sem hafa náð góðum árangri sjáist oft í fjölmiðlum og að flestir Íslendingar telji frumkvöðla vera hæfileikaríka og úrræðagóða einstaklinga. Þessar niðurstöður eru í góðu samræmi við niðurstöður um viðhorf almennings til frumkvöðlastarfsemi.

Að mati sérfræðinganna virðist vera nokkuð auðvelt að stofna fyrirtæki á Íslandi. Þeir voru frekar sammála því að hægt sé að fá tilskilin leyfi sem þarf til stofnunar fyrirtækja á u.þ.b. viku, að skattheimta á ný fyrirtæki væri ekki íþyngjandi og að skattareglum og öðrum reglum er varða ný og vaxandi fyrirtæki sé beitt á fyrisjáanlegan og samræmdan hátt.

Almennt séð voru sérfræðingarnir frekar sammála því að góður aðgangur væri að allri aðstöðu fyrir ný og vaxandi fyrirtæki. Þegar litið er á einstakar spurningar voru sérfræðingarnir frekar sammála því að í landinu væru góðar grunnstöðir (vegir, hiti, rafmagn, samskiptakerfi, losun úrgangs o.fl.) fyrir ný og vaxandi fyrirtæki og ekki sé of dýrt fyrir ný og vaxandi

fyrirtæki að fá góðan aðgang að samskiptaleiðum og samskiptatækni.

Fjármögnun

Síðustu ár hefur komið fram hjá sérfræðingum að fjármögnun er einn stærsti veikleikinn í umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi. Í skýrslu sem kom út árið 2004 þar sem gerð var úttekt á fjármálavanda nýrra fyrirtækja á Íslandi kom fram að aðgengi íslenskra fyrirtækja að bankafjármögnun væri mjög góð í samanburði við önnur lönd en að áhættufjármagn væri af mjög skornum skammti (Rögvaldur J. Sæmundsson og Guðrún M. Sigurðardóttir, 2004). Skortur á áhættufjármagn stendur nýskapandi fyrirtækjum og fyrirtækjum með mikla vaxtarmöguleika mjög fyrir þrifum. Fjármagnspörf og óvissa um afrakstur í þessum fyrirtækjum er gjarnan meiri en svo að eigendur geti aflað þeirra trygginga sem bankar krefjast. Skortur á áhættufjármagn getur því hindrað að þessi tegund af fyrirtækjum komist á legg sem er miður því að þessi fyrirtæki eru líkleg til þess að hafa hvað mest efnahagsleg áhrif.

Hér verða kynntar niðurstöður um framboð og spurn eftir áhættufjármagn árið 2004. Til þess að meta eftirspurn var kannað í hve miklum mæli þeir einstaklingar sem undirbúa frumkvöðlastarfsemi eru tilbúnir að láta af hendi hlutafé í skiptum fyrir fjármagn og hvaða arðsemi þeir telja að starfsemin geti skilað. Vilji til að láta af hendi hlutafé ásamt miklum væntingum um arðsemi eru mikilvægar forsendur þess að áhættufjárfestar, t.d. framtaksfjárfestar⁸, sýni áhuga á að fjárfesta í fyrirtækjunum og hefur því áhrif á hver eftirspurnin eftir áhættufjármagn er í raun.

Framboð á áhættufjármagn

Helstu uppsprettur áhættufjármagns fyrir ný fyrirtæki eru einkafjárfestingar (þ.m.t. viðskiptaenglar⁹) og framtaksfjárfestar. Bankar gegna líka lykilhlutverki við fjármögnun nýrra fyrirtækja en oftast eru persónulegar ábyrgðir stofnenda forsenda og því ekki um beina áhættufjármögnun að ræða.

Í töflu 20 má sjá yfirlit yfir einkafjárfestingar í nýjum fyrirtækjum á síðustu þremur árum. Þar kemur fram að 8,1% Íslendinga á aldrinum 18-64 ára, eða 12-17 þúsund manns þegar tekið hefur verið tillit til skekkjumarka, hafa að meðaltali fjárfest 899.000 kr. á ári í nýjum fyrirtækjum. Flestar upphæðirnar eru þó mjög lágar og miðgildið aðeins 316.000 kr. á ári.

⁸ Framtaksfjárfestar eru fjárfestingasjóðir sem hafa það að markmiði að fjárfesta í ungom og vaxandi fyrirtækjum. Framtaksfjárfestar fjárfesta gjarnan í fyrirtækjum þar sem fer saman mikill ávinningur og mikil áhætta.
⁹ Viðskiptaenglar eru einkafjárfestar sem fjárfesta í viðskiptahugmyndum hjá ókunnugum. Viðskiptaenglar eru gjarnan efnaðir einstaklingar með reynslu af viðskiptum.

Tafla 20 - Fjárfestingar einkafjárfesta í nýjum fyrirtækjum 2004

Fjöldi einkafjárfesta 18-64 ára	12.380 - 16.942
Hlutfall einkafjárfesta 18-64 ára	8,1%
Meðalupphæð (þús. kr. á ári)	899
Miðgildi (þús. kr. á ári)	316
Einhver endurgreiðsla	62%
Tvöföld ávöxtun eða meira	37%

Í töflu 20 má einnig sjá að einkafjárfestar gera ekki miklar kröfur um ávöxtun og endurgreiðslu. Aðeins 37% fjárfestanna gera ráð fyrir að fá tvöfalda ávöxtun eða meira, og einungis 62% gera ráð fyrir að fá eitthvað til baka.

Enn liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um fjárfestingar íslenskra framtaksfjárfesta á árinu 2004. Árið 2003 fjárfestu framtaksfjárfestar alls 420 milljónir í 25 nýlegum fyrirtækjum og var meðalfjárfesting í hverju fyrirtæki 17 milljónir (sjá töflu 21). Þótt sambærilegar tölur um meðalfjárfestingu einkafjárfesta í hverju fyrirtæki liggja ekki fyrir má gera ráð fyrir að hún sé töluvert miklu lægri en hjá framtaksfjárfestum.

Tafla 21 - Fjárfestingar framtaksfjárfesta í nýjum fyrirtækjum 2003

	Milljónir kr.
Heildarupphæð	420
Upphæð á fyrirtæki	17
Fjöldi fyrirtækja	25

Miðað við upplýsingar um fjárfestingar einkafjárfesta og framtaksfjárfesta má áætla heildarframboð á áhættufjármagni til nýrra fyrirtækja (sjá töflu 22). Gróflega má ætla að heildarframboð á áhættufjármagni til nýrra fyrirtækja árið 2004 hafi verið á bilinu 11,5-15,5 milljarðar. Þetta er þó mjög gróft mat sem gerir m.a. ráð fyrir því að fjárfestingar framtaksfjárfesta séu þær sömu árið 2004 og þær voru árið 2003.

Tafla 22 - Áætlað heildarframboð á áhættufjármagni 2004

	Fjárfestingarupphæð
Einkafjárfestar	11-15 milljarðar
Framtaksfjárfestar	420 milljónir
Alls	11.420 - 15.420 milljarðar

Spurn eftir utanaðkomandi fjármagni

Í töflu 23 má sjá tölur um spurn eftir utanaðkomandi fjármagni hjá þeim einstaklingum sem undirbúa nýja viðskiptastarfsemi. Þar sést að 68% telja þörf sína fyrir utanaðkomandi fjármagn vera innan við 5 milljónir og þar af eru um 30% sem telja sig ekki hafa neina þörf fyrir utanaðkomandi fjármögnun. Gera má ráð fyrir að þessir einstaklingar muni í flestum tilvikum geta fjármagnað starfsemina með aðstoð banka. Af þeim 33% sem eftir eru telur 21% sig þurfa á bilinu 5 - 50 milljónir frá utanaðkomandi aðilum til þess að byggja upp starfsemina, og um 12% telja sig þurfa meira en 50 milljónir. Nær öll starfsemi í þessum flokki, eða 91%, er mjög nýskapandi eða vaxandi. Þessi flokkur er því líklegur til að þurfa á áhættufjármagni að halda.

Tafla 23 - Spurn eftir utanaðkomandi fjármagni til fyrirtækja í undirbúningi

	Hlutfall	Meðaltal	Miðgildi
Ekki þörf á utanaðkomandi fjármögnun	30%	0	0
<5 milljónir	38%	1.582.724	1.500.000
5 milljónir - 50 milljónir	21%	21.570.726	20.000.000
>50 milljónir	12%	141.614.546	74.300.647
Alls (n=61)	100%	22.029.147	1.500.000

Þegar skoðuð er fjármagnspörf og vilji til að láta af hendi eignarhlut í stað fjármagns kemur í ljós að 10% þeirra sem telja fjármagnspörfina meiri en 5 milljónir eru ekki tilbúin undir neinum kringumstæðum að láta eignarhlut í skiptum fyrir fjármagn (sjá töflu 24). Einnig eru 58% einungis tilbúin að láta af hendi eignarhlut ef tryggt er að þau haldi meirihlutaeign í starfseminni. Rúmlega 30% er undir öllum kringumstæðum tilbúin að láta af hendi eignarhlut, svo framarlega sem verðið er sanngjarnt.

Tafla 24 - Fjármagnspörf og vilji til að selja hlutafé

	0-5 milljónir	>5 milljónir	Alls (n=60)
Ekki undir neinum kringumstæðum	39%	10%	30%
Ef stofnendur halda meirihluta	46%	58%	52%
Þó stofnendur lendi í minnihluta	15%	32%	16%
Alls	100%	100%	100%

Þegar skoðaðar eru væntingar um ávöxtun og þær bornar saman við viljann til að láta af hendi eignarhlut kemur í ljós að 39% af þeim sem vonast eftir mikilli ávöxtun eru ekki tilbúin undir neinum kringumstæðum að láta af hendi eignarhlut (sjá töflu 25). Tæplega 50% þeirra sem vonast eftir mikilli ávöxtun eru tilbúin til þess ef þeir halda meirihluta sínum og 13% eru tilbúnir undir öllum kringumstæðum að láta af hendi eignarhlut fyrir fjármagn, svo framarlega sem sanngjarnt verð er greitt fyrir.

Tafla 25 - Væntingar um ávöxtun og vilji til að selja hlutafé

	Tvöföld ávöxtun eða minna	Fimmföld ávöxtun eða meira	Alls (n=90)
Ekki undir neinum kringumstæðum	23%	39%	34%
Ef stofnendur halda meirihluta	58%	48%	51%
Þó stofnendur lendi í minnihluta	19%	13%	14%
Alls	100%	100%	100%

Skortur á vilja til að selja hlutafé til utanaðkomandi aðila, eða of litlar vonir um ávöxtun, koma í veg fyrir að einstaklingar fái aðgang að áhættufjármagni, jafnvel þótt þeir þurfi á því að halda. Út frá töflu 23 má áætla að um þriðjungur þeirra sem undirbúa viðskiptastarfsemi þurfi á áhættufjármagni að halda. Miðað við upplýsingar í töflum 24-25 væri ekki óeðlilegt að áætla að um 60% af þeim sem þurfa á utanaðkomandi fjármagni að halda séu tilbúnir að láta frá sér hlutafé og geri sér vonir um nægilega ávöxtun. Miðað við þessar forsendur og upplýsingar um umfang og fjárfestingaþörf sem áður hafa komið fram, má gera ráð fyrir að heildarspurn eftir áhættufjármagni til þeirrar frumkvöðlastarfsemi sem var í undirbúningi árið 2004 sé á bilinu 150-200 milljarðar.

Þegar spurn eftir áhættufjármagni er borin saman við útreikning á framboði hér að framan, er ljóst að framboðið er tæplega 10% af eftirspurninni. Samkvæmt þessum útreikningum er því gríðarlegur munur á milli framboðs og eftirspurnar á áhættufjármagni til nýrra fyrirtækja.

SAMANTEKT

Á árinu 2004 mældust 13,6% Íslendinga á aldrinum 18-64 ára, eða um 25 þúsund manns, vera þátttakendur í frumkvöðlastarfsemi. Alls tóku 7,7% þjóðarinnar á þessu aldursbili þátt í að undirbúa nýja viðskiptastarfsemi og 6,2% höfðu hafið viðskiptastarfsemi á síðustu 42 mánuðum.

Einstaklingar á aldrinum 35-44 ára eru líklegastir til að taka þátt í frumkvöðlastarfsemi, en líkurnar minnka bæði fyrir þá sem eru yngri og eldri. Karlar eru tvöfalt líklegri en konur til þess að taka þátt í frumkvöðlastarfsemi, sem bendir til þess að nýta mætti krafta kvenna betur. Einstaklingar með háskólapróf eru líklegri en einstaklingar með aðra menntun til þess að taka þátt í frumkvöðlastarfsemi, en þó eru einungis um 1/3 þeirra sem taka þátt í frumkvöðlastarfsemi með háskólapróf.

Almennt gera menn sér töluverðar vonir um ávinning og nýsköpun af frumkvöðlastarfseminni. Í rúmlega helmingi tilvika er um að ræða einhverja nýsköpun eða umtalsverða fjölgun starfsmanna á næstu fimm árum. Rúmlega 20% af þeim sem stunda frumkvöðlastarfsemi gera ráð fyrir að fleiri en 20 starfsmenn hafi atvinnu af viðskiptastarfseminni eftir fimm ár, og í 15-30% tilvika er um verulega nýsköpun að ræða. Einnig er gert ráð fyrir umtalsverðri ávöxtun eigin fjárframlags í rúmlega helmingi tilvika, þrátt fyrir að í 75% tilvika sé gert ráð fyrir að starfsemin takmarkist að mestu við innlendan markað.

Í einu af hverjum fjórum tilvikum er frumkvöðlastarfsemi á Íslandi á sviði viðskiptaþjónustu. Um 30% af starfseminni byggir á tækniþekkingu stofnenda, þ.e. telst til tæknimiðaðrar frumkvöðlastarfsemi, en þó reiknast starfsemin til tæknigreina einungis í 9% tilvika. Það er erfitt að segja hver staða Íslands í þekkingariðnaði er án samanburðar við önnur lönd.

Það vekur athygli að þótt hátt hlutfall Íslendinga telji sig hafa þá færni sem mikilvæg er til frumkvöðlastarfsemi, telja um 14% þeirra sem undirbúa nýja viðskiptastarfsemi sig ekki hafa hana. Einstaklingar voru þó líklegri til þess að taka þátt í að undirbúa nýja viðskiptastarfsemi eftir því sem þeir töldu sig hafa meiri færni til frumkvöðlastarfsemi. Í samanburði við að 13,6% þjóðarinnar stundi frumkvöðlastarfsemi, telst ekki mikið að 3,1% hennar hafi lagt niður viðskiptastarfsemi á síðastliðnum 12 mánuðum.

Að mati íslensku sérfræðinganna eru fjármögnun og frumkvöðlamenntun (sérstaklega á grunnskólastigi) helstu veikleikarnir í umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi. Þeir eru einnig óánægðir með árangur og skilvirkni í aðgerðum stjórnvalda. Helsta styrk töldu þeir vera menningarlegar venjur, hversu auðvelt er að stofna fyrirtæki og aðgang að grunnaðstöðu.

Könnun á viðhorfum almennings styður niðurstöður um jákvæð viðhorf gagnvart frumkvöðlastarfsemi, og könnun á framboði og eftirspurn á áhættufjármagn styður fyrri niðurstöður um verulegan skort á áhættufjármagn til nýrra fyrirtækja. Auk þess kom fram að 31% af þeim sem undirbúa nýja viðskiptastarfsemi eru ekki tilbúin undir neinum kringumstæðum að láta frá sér eignarhlut í skiptum fyrir fjármagn, en slík skipti eru gjarnan forsenda fyrir útvegum áhættufjármagns.

4. SAMANBURÐUR VIÐ FRUMKVÖÐLASTARFSEMI Í ÖÐRUM LÖNDUM

Í þessum kafla eru niðurstöður um frumkvöðlastarfsemi á Íslandi bornar saman við niðurstöður frá öðrum löndum. Markmiðið með samanburðinum er að meta styrk og veikleika í frumkvöðlastarfsemi á Íslandi með það fyrir augum að nýta styrkinn og takast á við veikleikana. Til þess að gera samanburðinn markvissari eru niðurstöðurnar í flestum tilvikum bornar saman við valin lönd af þeim 34 löndum sem tóku þátt í rannsókninni árið 2004.

Eitt af því sem í ljós hefur komið í GEM-rannsókninni síðustu ár er að eðli frumkvöðlastarfsemi í þátttöku-löndunum er breytilegt eftir þjóðartekjum þeirra. Gögnin styðja hugmyndir um svokallað „u-laga“ samband milli þjóðartekna og umfangs frumkvöðlastarfsemi sem þýðir að aukið umfang helst bæði í hendur við auknar þjóðartekjur og minnkandi þjóðartekjur. Þótt umfangið sé svipað í lágtekju- og hátekjulöndunum er eðlið mjög ólíkt. Á meðan flestir einstaklingar í hátekjulöndunum hafa val um að stunda frumkvöðlastarfsemi eða ekki þá gildir það ekki um lágtekjulöndin. Það hefur sýnt sig að um þriðjungur þeirra sem stundar frumkvöðlastarfsemi í lágtekjulöndunum gerir það vegna þess að hann telur sig ekki hafa kost á annarri atvinnu. Frumkvöðlastarfsemi er þá stunduð í neyð og einungis með því markmiði að sjá fyrir fjölskyldu sinni. Í hátekjulöndunum stundar 1 af hverjum 10 frumkvöðlastarfsemi út af neyð (Acs, Arenius, Hay og Minniti, 2005).

Vegna þessara niðurstaðna er eðlilegt að bera niðurstöður hvers lands við önnur lönd með svipaðar þjóðartekjur. Þar sem Ísland tilheyrir hópi hátekjuþjóða er því einungis gerður samanburður við aðrar hátekjuþjóðir. Að auki voru niðurstöður fyrir Ísland sérstaklega bornar saman við hin Norðurlöndin, Bandaríkin og Bretland vegna þess að það eru lönd sem við berum okkur gjarnan saman við. Allt eru þetta hátekjulönd eins og sjá má á skiptingu þátttökulandanna í lágtekju-, meðaltekju- og hátekjulönd í töflu 26.

Tafla 26 - Skipting þátttökulandanna eftir þjóðartekjum


	Lönd
Lágtekjulönd	Argentína, Brasilía, Ekvador, Jórdanía, Króatía, Perú, Pólland, Suður-Afríka, Ungverjaland, Úganda
Miðtekjulönd	Grikkland, Hong Kong, Ísrael, Nýja Sjáland, Portúgal, Singapore, Slóvenía, Spánn
Hátekjulönd	Ástralía, Bandaríkin, Belgía, Bretland, Danmörk, Finnland, Frakkland, Holland, Írland, Ísland, Ítalía, Japan, Kanada, Noregur, Svíþjóð, Þýskaland

Eins og áður skiptist kaflinn í þrjá hluta þar sem borið er saman umfang, einkenni og umhverfi frumkvöðlastarfseminnar. Rétt er að taka fram að þau gögn sem hægt er að bera saman á milli landa eru takmarkaðri en þau sem hægt er að skoða fyrir hvert land fyrir sig. Af þeirri ástæðu er ekki hægt að bera saman á milli landa öll þau gögn sem sett voru fram í kaflanum á undan.

UMFANG

Umfang frumkvöðlastarfsemi í öllum þátttökulöndunum 34 má sjá á mynd 3. Umfangið á Íslandi er með því mesta sem gerist í heiminum og mælist það einungis marktækt meira í fjórum löndum eða í Perú, Úganda, Ekvador og Jórdaníu. Umfangið er sambærilegt við það sem gerist á Nýja Sjálandi, í Brasilíu, Ástralíu, Argentínu og Bandaríkjunum en er marktækt meira en í öllum Evrópuríkjunum. Á Norðurlöndunum, að Íslandi

Mynd 3 - Heildarfrumkvöðlastarfsemi í GEM-þátttökulöndunum 2004 með 95% öryggisbilinu




undanskildu, er umfang frumkvöðlastarfsemi mest í Noregi og minnst í Svíþjóð. Öfugt við það sem hefur gerst á Íslandi, þar sem umfang frumkvöðlastarfsemi hefur vaxið á milli ára, hefur umfangið farið minnkandi í flestum löndum Evrópu, að meðtöldum hinum Norðurlöndunum.

Séu niðurstöðurnar teknar saman eftir þjóðartekjum þáttökulöndanna sést að frumkvöðlastarfsemi er umtalsvert meiri í lágtekjulöndunum en meðal- og hátekjulöndunum (sjá mynd 4). Þar sést líka að Ísland sker sig töluvert úr í samanburði við önnur hátekjulönd því á Íslandi er heildarfrumkvöðlastarfsemi ríflega tvisvar sinnum meiri en meðaltal hátekjulöndanna. Ísland er þó ekki eitt í þeim flokki því svipað á við um Bandaríkin, Kanada og Ástralíu. Japan sker sig auk þess nokkuð úr hátekjulöndunum þar sem einungis 2% þjóðarinnar á aldrinum 18-64 ára tekur þátt í frumkvöðlastarfsemi.

Á mynd 4 sést líka að hlutfallið milli einstaklinga sem undirbúa nýja viðskiptastarfsemi og þeirra sem nýlega hafa hafið starfsemi er mjög nálægt meðaltali hátekjulöndanna.

Mynd 4 - Frumkvöðlastarfsemi á Íslandi í samanburði við hátekju-, meðaltekju- og lágtekjulönd



EINKENNI


Í samræmi við kaflann hér á undan er samanburðinum skipt upp í fjóra hluta:

- Samanburður á þátttöku einstakra þjóðfélagshópa
- Samanburður á ávinningi og nýsköpun
- Samanburður á frumkvöðlastarfsemi innan þekkingariðnaðar
- Samanburður á færni og árangri

Þátttaka einstakra þjóðfélagshópa


Á mynd 5 má sjá að þátttaka kvenna í frumkvöðlastarfsemi á Íslandi er minni en að meðaltali meðal hátekjuþjóðanna. Á Íslandi taka 1,84 karlar á móti hverri konu þátt í frumkvöðlastarfsemi á meðan hlutfallið er 1,42 fyrir hátekjulöndin í heild. Þátttaka kvenna og karla í frumkvöðlastarfsemi er nánast sú sama í Bandaríkjunum en kynjamunurinn er enn meiri í Bretlandi og á hinum Norðurlöndunum heldur en á Íslandi.

Mynd 5 - Samanburður á þátttöku kvenna í frumkvöðlastarfsemi




Þegar kemur að menntun þeirra sem taka þátt í frumkvöðlastarfsemi þá sker Ísland sig nokkuð úr (sjá mynd 6). Á meðan að á bilinu 45-65% af frumkvöðlastarfsemi í samanburðarlöndunum er stunduð af einstaklingum sem hafa lokið háskólaprófi er hlutfallið aðeins rétt rúmlega 30% á Íslandi. Hlutfallið er næstum því tvöfalt hærra fyrir hátekjulöndin í heild.

Mynd 6 - Samanburður á menntun þeirra sem taka þátt í frumkvöðlastarfsemi




Þegar borin er saman aldersdreifing milli Íslands og samanburðarlandanna virðist munurinn ekki mikill (sjá mynd 7). Ef eitthvað er þá virðast þeir sem stunda frumkvöðlastarfsemi á Íslandi vera að jafnaði eldri en í samanburðarlöndunum. Á meðan stærsti hópurinn er yfirleitt á aldrinum 25-34 í samanburðarlöndunum er hann á bilinu 35-44 ára á Íslandi.

Mynd 7 - Samanburður á aldri þeirra sem taka þátt í frumkvöðlastarfsemi



Einnig virðist tekjuskipting þeirra sem taka þátt í frumkvöðlastarfsemi vera svipuð á Íslandi og í samanburðarlöndunum (sjá mynd 8). Það er einna helst munur á milli Íslands annars vegar og Bandaríkjanna og Bretlands hins vegar þar sem nokkuð lægra hlutfall er í miðtekjuflokknum á Íslandi en hinum löndunum tveimur.


Mynd 8 - Samanburður á tekjum þeirra sem taka þátt í frumkvöðlastarfsemi



Ávinningur og nýsköpun


Þegar borar eru saman væntingar um atvinnusköpun kemur í ljós að væntingar Íslendinga eru ívið meiri en í samanburðarlöndunum. Hlutfall frumkvöðla á Íslandi sem telja að fyrirtækið muni skapa störf fyrir aðra en eigendur er 6 prósentustigum hærra en fyrir frumkvöðla á hinum Norðurlöndunum og fyrir hátekjulöndin í heild, og um 10 prósentustigum hærra en í Bretlandi og Bandaríkjunum (mynd 9).

Mynd 9 - Væntingar þeirra sem taka þátt í viðskiptastarfsemi um atvinnusköpun




Hlutfall þeirra sem telja að fleiri en 20 manns muni hafa atvinnu af viðskiptastarfseminni eftir 5 ár er einnig hærra á Íslandi en í samanburðarlöndunum (mynd 10). Þar skera Ísland og Bretland sig nokkuð úr á meðan Bandaríkin og hin Norðurlöndin eru nær meðaltali hátekjulandanna.

Mynd 10 - Hlutfall þeirra einstaklinga sem gera sér vonir um 20 störf eða fleiri eftir 5 ár




Frumkvöðlastarfsemi á Íslandi sker sig nokkuð úr þegar kemur að nýsköpun, óháð því hvaða mælikvarðar eru notaðir. Um 30% þeirra sem stunda frumkvöðlastarfsemi á Íslandi telja að vörur þeirra eða þjónusta sé framandi og ný fyrir viðskiptavini og að það séu fáir eða engir keppinautar (mynd 11). Hlutfallið er um 20% í hinum samanburðarlöndunum.

Mynd 11 - Hlutfall þeirra sem taka þátt í viðskiptastarfsemi sem telja að vörur þeirra eða þjónusta sé framandi og ný og að það séu fáir eða engir keppinautar á markaðnum



Tæplega 25% þeirra sem stunda frumkvöðlastarfsemi á Íslandi telja að sú tækni eða aðferðir sem liggja til grundvallar vörum og þjónustu hafi ekki verið aðgengileg fyrir einu ári (mynd 12). Meðaltalið fyrir hátekjulöndin er um 13% sem er svipað og hlutfallið í Bandaríkjunum og á hinum Norðurlöndunum.

Mynd 12 - Hlutfall þeirra sem taka þátt í viðskiptastarfsemi sem telja að sú tækni eða aðferðir sem liggja til grundvallar vörum og þjónustu hafi ekki verið aðgengilegar fyrir einu ári




Ekki liggja fyrir sambærileg gögn frá öllum þáttökulöndunum þar sem tekinn er saman ávinningur og nýsköpun einstakra fyrirtækja.

Bekkingariðnaður


Á mynd 13 má sjá samanburð á skiptingu frumkvöðlastarfseminnar á milli atvinnugreina. Þar má sjá að helsti munurinn á milli Íslands og annarra samanburðarlanda liggur í því að hærra hlutfall þeirrar viðskiptastarfsemi sem er í undirbúningi tilheyrir grunnatvinnuvegunum ásamt iðnaði og samgöngum á meðan lægra hlutfall tilheyrir neytendabjónustu. Hlutfall viðskiptabjónustu er hins vegar svipað og í Bandaríkjunum og aðeins lægra en meðaltalið fyrir hátekjulöndin og fyrir hin Norðurlöndin. Bretland sker sig töluvert úr hvað varðar hlutfall viðskiptastarfsemi.

Mynd 13 - Skipting viðskiptastarfsemi í undirbúningi eftir atvinnugreinum



Eins og sjá má á mynd 14 er hlutfall tækniáæðrar frumkvöðlastarfsemi svipað á Íslandi og fyrir hátekjulöndin í heild. Hlutfallið er mælt sem hlutfall frumkvöðlastarfsemi sem tilheyrir tækniatvinnugreinum og er það ívið hærra á Íslandi en í Bandaríkjunum, töluvert hærra en á hinum Norðurlöndunum og aðeins minna en í Bretlandi.

Mynd 14 - Hlutfall starfsemi í tækniatvinnugreinum




Færni og árangur

Í 3. kafla var færni til að stunda frumkvöðlastarfsemi metin á tvennan hátt. Annars vegar var metin færni til að meta viðskiptatækifæri og hins vegar færni til að stofna fyrirtæki. Einungis er hægt að bera saman milli landa færnina til að stofna fyrirtæki því ekki var spurt um færni til að meta viðskiptatækifæri nema á Íslandi.


Þegar færni til að stofna fyrirtæki er metin kemur í ljós að nær helmingur Íslendinga telur sig hæfan til að stofna og reka fyrirtæki (mynd 15). Þetta er hærra en meðaltal hátekjulandanna og hærra en á hinum Norðurlöndunum. Í Bretlandi og Bandaríkjunum er hlutfallið aðeins hærra.

Mynd 15 - Hlutfall fólks í samanburðarlöndunum sem telur sig hafa þekkingu, kunnáttu og færni til að stofna nýtt fyrirtæki



Sem mælikvarða á árangur í frumkvöðlastarfsemi má sjá á mynd 16 samanburð á hlutfalli fólks sem um mitt ár 2004 hafði lagt niður viðskiptastarfsemi á síðastliðnum 12 mánuðum. Þar kemur fram að hlutfallið er hæst á Íslandi í samburði við hátekjulöndin í heild, hin Norðurlöndin, Bretland og Bandaríkin en munurinn er ekki marktækur.

Mynd 16 - Hlutfall fólks í samanburðarlöndunum sem hefur lagt niður eða hætt rekstri á fyrirtæki síðustu 12 mánuðina




UMHVERFI

Í GEM-rannsóknarverkefninu hefur verið stillt upp líkani sem felur í sér níu grunnskilyrði sem hafa hvetjandi eða letjandi áhrif á frumkvöðlastarfsemi. Í þessum hluta verða grunnskilyrðin á Íslandi, eins og þau eru metin af sérfræðingum, borin saman við grunnskilyrðin í samanburðarlöndunum. Fyrst eru þó skoðuð viðhorf almennings til frumkvöðlastarfsemi sem koma fram í símakönnuninni og í lokin eru grunnskilyrði um fjármögnun skoðuð sérstaklega.

Viðhorf almennings til frumkvöðlastarfsemi

Á mynd 17 má sjá niðurstöður um viðhorf almennings á Íslandi til frumkvöðlastarfsemi og samanburð við aðrar hátekjupjóðir.

Mynd 17 - Viðhorf almennings til frumkvöðlastarfsemi




Íbúar hinna Norðurlandanna, Bandaríkjanna og Bretlands telja stofnun fyrirtækja ekki eins eftirsóknarverðan starfsvettvang og Íslendingar. Hlutfallið í þessum löndum er lægra en hlutfall hátekjulandanna sem er um 59%.

Um 66% Íslendinga telja að þeir sem tekst á árangursríkan hátt að stofna fyrirtæki njóti mikillar virðingar og metorða. Hlutfallið er aðeins hærra hjá hátekjupjóðunum eða 70%. Bandaríkin, Bretland og hin Norðurlöndin, fyrir utan Finnland, eru öll á svipuðu róli en um 87% almennings á aldrinum 18-64 ára í Finnlandi telja þá sem stofna fyrirtæki njóta mikillar virðingar.

Mun fleiri telja að oft sé sagt frá árangursríkum nýjum fyrirtækjum í fjölmiðlum á Íslandi (78%) en hjá hátekjupjóðunum (60%). Íslendingar virðast standa sig vel á þessu sviði en íslenska hlutfallið var með því hæsta hjá hátekjulöndunum.

Á mynd 18 hafa svörin við spurningunum á mynd 17 verið sett saman í vísitölu sem lýsir frumkvöðlamenningu viðkomandi lands. Menningarvísitalan tekur lægst gildið 0 og hæst gildið 3. Eins og sjá má á mynd 18 mælist vísitalan hæst á Íslandi af samanburðarlöndunum og nokkuð hærri en meðaltal hátekjulandanna.

Mynd 18 - Vísitala frumkvöðlamenningar



Mat á grunnskilyrðunum

Í töflu 27 má sjá mat íslenskra sérfræðinga á grunnskilyrðunum á Íslandi borið saman við mat sérfræðinga annarra hátekjulanda á grunnskilyrðum viðkomandi lands. Í töflunni er að finna meðaleinkunn Íslendinga á bilinu 1 til 5 miðað við hátekjulöndin, hin Norðurlöndin og Bandaríkin, hvar í röðinni Ísland lendir meðal hátekjulandanna og hæsta gildi og lægsta gildi í hátekjulöndunum. Gildi nálægt einum lýsa óánægju með ástand mála hvað varðar viðkomandi grunnskilyrði, gildi nálægt þremur lýsa hlutlausri afstöðu, gildi nálægt fimm lýsa ánægju með stöðu mála. Fyrir aftan hæstu og lægstu gildin eru skammstafanir fyrir þau lönd sem þau eiga við.

Fjármagnsstuðningur

Meiri óánægja er með fjármagnsstuðning við frumkvöðlastarfsemi á Íslandi en í flestöllum hátekjulöndunum. Einkunn sérfræðinganna er aðeins undir meðaltali hátekjulandanna en í aðeins tveimur hátekjulöndum ríkir meiri óánægja en á Íslandi.

Verkefni á vegum hins opinbera

Meiri óánægja er á Íslandi með umfang og skilvirkni verkefna hins opinbera í samanburði við hátekjupjóðirnar. Þó að þessi þáttur fái hvergi mjög góða einkunn eru einungis sérfræðingar í tveimur hátekjulöndum sem eru óánægðari en íslensku sérfræðingarnir.

Tafla 27 - Grunnskilyrðin

	Ísland	Hin Norður- löndin	Banda- ríkin	Meðaltal allra hátekju- landa	Röð Íslands	Hæsta gildi	Lægsta gildi
Fjármagnsstuðningur	2,46	2,60	3,88	2,84	11 af 13	3,88 (US)	2,22 (NO)
Verkefni á vegum hins opinbera	2,49	2,95	3,17	2,83	11 af 13	3,47 (DE)	2,32 (JP)
Menntun og þjálfun	2,60	2,44	3,01	2,60	3 af 13	3,01 (US)	1,79 (JP)
Árangur á grunn- og framhaldsskólastigi	2,10	2,32	2,60	2,19	9 af 13	2,63 (CA)	1,5 (JP)
Árangur í framhaldsmenntun/ annarri menntun/símenntun	3,11	2,56	3,42	2,71	2 af 13	3,42 (US)	2,07 (JP)
Útbreiðsla rannsóknar- og þróunarstarfs	2,63	2,47	3,29	2,67	6 af 13	3,29 (US)	2,34 (NL)
Inngöngu- og samkeppnishindranir	3,03	2,80	3,08	2,83	3 af 13	3,08 (US)	2,56 (NO)
Inngönguhindranir	3,21	2,41	3,00	2,66	2 af 13	3,88 (JP)	1,94 (CA)
Samkeppnishindranir	2,84	2,98	3,13	2,93	10 af 13	3,27 (CA)	2,32 (JP)
Grunnstoðir viðskiptalífsins	3,10	3,48	4,17	3,37	12 af 13	4,17 (US)	2,10 (JP)
Stefna hins opinbera	3,29	2,69	3,15	2,67	1 af 13	3,29 (IS)	2,19 (BE)
Almenn stefna	2,80	2,70	2,98	2,75	7 af 13	3,66 (IS)	1,80 (BE)
Skrifræði og reglur (hversu auðvelt er að stofna fyrirtæki, hraði, reglur ríkisins o.fl.)	3,66	2,68	3,28	2,61	1 af 13	3,47 (DE)	2,32 (JP)
Menningarlegar og samfélagslegar venjur	3,74	2,55	4,32	2,92	2 af 13	4,32 (US)	2,08 (JP)
Aðgangur að grunnaðstöðu	4,41	4,19	4,47	4,06	2 af 13	4,47 (US)	3,14 (IE)

13 hátekjulönd af 16 lögðu spurningalista fyrir sérfræðinga. Þau þrjú lönd sem vantar eru: Bretland, Ítalía og Svíþjóð. Útskýringar á skammstöfunum: US: Bandaríkin, JP: Japan, IS: Ísland, DE: Þýskaland, NO: Noregur, BE: Belgía, NL: Holland, IE: Írland.

Menntun og þjálfun

Almennt er óánægja með menntun og þjálfun í hátekjulöndunum, sérstaklega á grunn- og framhaldsskólastigi. Ísland mældist þar rétt undir meðaltali hátekjupjóðanna og er í níunda sæti af þrettán.

Óánægjan er minni með menntun og þjálfun á háskólastigi en sérfræðingar á Íslandi voru þar hlutlausir. Ísland er í öðru sæti af þrettán á eftir Bandaríkjamönnum hvað menntun á háskólastigi varðar.

Útbreiðsla rannsóknar- og þróunarstarfs

Íslensku sérfræðingarnir eru nokkuð hlutlausir um hversu mikil tækifæri spretta upp innan vísinda- og rannsóknarsamfélagsins og hversu aðgengileg þau eru nýjum og vaxandi fyrirtækjum. Einkunnin er svipuð meðaltalinu fyrir hátekjulöndin og er Ísland í sjötta sæti

af þrettán. Hvergi ríkir mikil ánægja með þetta skilyrði en þó eru Bandaríkjamenn ánægðastir.

Inngöngu- og samkeppnishindranir

Íslensku sérfræðingarnir eru nokkuð hlutlausir þegar kemur að aðgangi. Aðgangur að markaði var talinn heldur betri á Íslandi (3,21) í samanburði við hátekjupjóðirnar (2,66) en bæði meðaltölin endurspeglu þó hlutleysi. Hér mældist Ísland í öðru sæti á eftir Japan (3,88).

Sérfræðingar á Íslandi voru hlutlausir í mati sínu á aðgangshindrunum á markaði gagnvart nýjum fyrirtækjum (2,84) og var það svipað meðaltali hátekjupjóðanna (2,93) en Ísland var í 10. sæti af 13. Kanada kom best út í þessum þætti (3,27).

Grunnstoðir viðskiptalífsins

Íslenskir sérfræðingar voru nokkuð hlutlausir um grunnstoðir viðskiptalífsins og var einkunn þeirra nálægt meðaltali hátekjulandanna. Þrátt fyrir það var Ísland í næstneðsta sæti af hátekjulöndunum. Sérfræðingar í Bandaríkjunum voru mjög ánægðir með þetta skilyrði.

Stefna hins opinbera

Íslensku sérfræðingarnir eru frekar hlutlausir þegar kemur að almennri stefnu hins opinbera í málefnum sem snerta frumkvöðlastarfsemi. Einkunnin er svipuð og meðaltal hátekjubjóðanna og var Ísland í sjötta sæti af þrettán. Hvergi ríkir mikil ánægja með þetta skilyrði en þó eru Finnar ánægðastir.

Meiri ánægja er á Íslandi en í öllum hátekjulöndunum með stefnu hins opinbera varðandi skrifræði og reglur sem tengjast stofnun nýrra fyrirtækja. Einkunnin er töluvert yfir meðaltali hátekjubjóðanna.

Menningarlegar og samfélagslegar venjur

Íslenskir sérfræðingar voru ánægðari en sérfræðingar nær allra annarra hátekjulanda með menningarlegar og samfélagslegar venjur til stuðnings frumkvöðlastarfsemi. Einkunnin var töluvert yfir meðaltali hátekjubjóðanna og var einungis meiri ánægja í Bandaríkjunum.

Aðgangur að grunnaðstöðu


Íslenskir sérfræðingar voru einnig ánægðari en sérfræðingar nær allra annarra hátekjulanda með aðgang nýrra fyrirtækja að grunnaðstöðu, svo sem rafmagn, samskiptaleiðum o.þ.h. Einkunnin var nokkuð yfir meðaltali hátekjulandanna og var einungis meiri ánægja í Bandaríkjunum.

FJÁRMÖGNUN FRUMKVÖÐLASTARFSEMINNAR

Fjármögnun á frumkvöðlastarfsemi er málefni sem gjarnan fær mikla athygli hjá stjórnvöldum. Gjarnan er kvartað yfir því að ný fyrirtæki hafi slæman aðgang að fjármagni, sérstaklega þegar um áhættusöm verkefni er að ræða. Hefur þá gjarnan verið talað um skort á áhættufjármagni. Til þess að gera samanburð landa einfaldan er í GEM-rannsókninni safnað upplýsingum um þá sem líklegastir eru til að leggja fram áhættufjármagn í ný fyrirtæki. Annars vegar er safnað upplýsingum um einkafjárfesta, þ.e. einstaklinga sem leggja fé í ný fyrirtæki, og hins vegar upplýsingum um framtaksfjárfesta (*venture capital firms*).


Á mynd 19 sést samanburður á tíðni einkafjárfestinga í samanburðarlöndunum. Ísland sker sig nokkuð úr þar sem tíðni einkafjárfestinga er á bilinu tvisvar til sex sinnum meiri en í samanburðarlöndunum. Minnsti munurinn er við Bandaríkin og mestur við Bretland. Munur er tæplega þrefaldur miðað við hin Norðurlöndin og fyrir hátekjulöndin í heild.

Mynd 19 - Tíðni einkafjárfestinga 2004




Einkafjárfestingar á Íslandi eru líka háar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Á mynd 20 má sjá að hlutfallið er rúmlega tvöfalt hlutfallið fyrir hátekjulöndin í heild og rúmlega þrisvar sinnum hærra en í Bretlandi.


Mynd 20 - Einkafjárfestingar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu 2004




Meðalfjárfesting einkafjárfestinga er þó svipuð og hjá hátekjulöndunum í heild. Bretland og Bandaríkin skera sig nokkuð úr þar sem meðalfjárfesting á ári er nokkuð lægri í Bandaríkjunum en hjá hátekjulöndunum í heild, og meðalfjárfesting í Bretlandi er nærri tvisvar sinnum hærra en hjá hátekjulöndunum í heild (mynd 21). Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjárfestingu á hvert fyrirtæki en af upphæðunum að dæma á hvern einkafjárfesti er ólíklegt að þær séu háar.

Mynd 21 - Meðalfjárfesting einkafjárfesta á ári 2001-2004


Þegar kemur að framtaksfjárfestingum er umfangið mun minna á Íslandi en í samanburðarlöndunum, mælt sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (mynd 22). Framtaksfjárfestingar í hátekjulöndunum í heild eru u.þ.b. tvisvar sinnum hærra, og þrisvar sinnum hærra í Bandaríkjunum. Hlutfallið á Norðurlöndunum er svipað og hjá hátekjulöndunum í heild, og hlutfallið í Bretlandi ögn lægra.

Mynd 22 - Framtaksfjárfestingar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu 2003

Meðalfjárfesting á fyrirtæki hjá framtaksfjárfestum er einnig áberandi lægri á Íslandi en í samanburðarlöndunum (mynd 23). Bandaríkin skera sig nokkuð úr hvað þetta varðar þar sem framtaksfjárfestar leggja 7-8 sinnum meira fé í hvert fyrirtæki en fjárfestar á Norðurlöndunum og í Bretlandi, og 40 sinnum meira en fjárfestar á Íslandi. Meðaltalið hjá hátekjulöndunum er undir miklum áhrifum frá Bandaríkjunum því þar er fjárfest í flestum fyrirtækjum og upphæðirnar mestar.

Mynd 23 - Meðalfjárfesting á fyrirtæki hjá framtaksfjárfestum 2003

Þegar einkafjárfestingar og framtaksfjárfestingar eru teknar saman í eina heild er hlutfallið af vergri landsframleiðslu á Íslandi töluvert hærra en í samanburðarlöndunum. Hlutfallið er næri tvöfalt hærra en hjá hátekjulöndunum og nálægt því að vera þrefalt meira en í Bretlandi. Munar þar mestu um mikinn fjölda einkafjárfesta á Íslandi (sjá mynd 24).

Mynd 24 - Einkafjárfestingar og framtaksfjárfestingar sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu

Í heild má segja að tíðni og heildarfjárfestingar einkafjárfesta séu áberandi hærra á Íslandi en í samanburðarlöndunum. Að sama skapi eru fjárfestingar framtaksfjárfesta áberandi lægri en í samanburðarlöndunum. Þegar fjárfestingar einka- og framtaksfjárfesta eru teknar saman þá eru heildarfjárfestingar sem hlutfall af landsframleiðslu töluvert hærra en það sem gerist í hátekjulöndunum en upphæðir sem hverju fyrirtæki standa til boða eru líklega mun lægri.

SAMANTEKT

Umfang frumkvöðlastarfsemi var meira á Íslandi en í flestum öðrum löndum í heiminum árið 2004. Það er ríflega tvöfalt meira en meðaltal hátekjulandanna og sambærilegt við umfangið í Bandaríkjunum. Hlutfall milli einstaklinga sem undirbúa starfsemi og þeirra sem nýlega hafa hafið starfsemi er mjög nálægt meðaltali hátekjulandanna.

Þátttaka kvenna er nokkuð minni í samanburði við hátekjulöndin í heild og Bandaríkin, en meiri en á hinum Norðurlöndunum og í Bretlandi. Töluverður munur er á menntun þeirra sem stunda frumkvöðlastarfsemi á Íslandi og í samanburðarlöndunum, og er hlutfall þeirra sem hafa háskólapróf um tvöfalt hærra hjá hátekjulöndunum. Ekki er mikill munur á aldurs- og tekjudreifingu.

Meiri væntingar eru um fjölda nýrra starfa og nýsköpun en í samanburðarlöndunum. Hlutfall frumkvöðlastarfsemi í viðskiptaþjónustu og í tæknigreinum er svipað og fyrir hátekjulöndin í heild. Hlutfall þeirra sem telja sig hafa þá færni sem þarf til að stofna fyrirtæki er hærra á Íslandi en hjá hátekjulöndunum í heild og á hinum Norðurlöndunum, en lægra en í Bandaríkjunum og Bretlandi.

Samanburður við mat sérfræðinga í öðrum löndum skerpir sömu mynd af styrk og veikleikum umhverfisins á Íslandi og kom fram í 3. kafla. Til viðbótar við þá veikleika sem nefndir voru þar virðast íslensku sérfræðingarnir vera óánægðari en sérfræðingar í öðrum hátekjulöndum með grunnstoðir viðskiptalífsins. Samanburður á viðhorfi almennings til frumkvöðlastarfsemi sýnir að fólk er almennt jákvæðara á Íslandi en í öllum samanburðarlöndunum.

Einkafjárfestar eru margir á Íslandi í samanburði við önnur lönd og meðalfjárfesting þeirra á ári svipuð og fyrir hátekjulöndin í heild. Reyndar er í öllum tilvikum um lágar upphæðir að ræða. Framtaksfjárfestingar eru hins vegar töluvert lægri en í öðrum löndum, bæði mældar sem hlutfall af þjóðarframleiðslu og meðalfjárfesting í hverju fyrirtæki. Þrátt fyrir að samanlagðar einka- og framtaksfjárfestingar séu hærri en í samanburðarlöndunum þá er líklegt að upphæðir á hvert fyrirtæki séu umtalsvert lægri á Íslandi.

5. SAMANBURÐUR VIÐ FYRRI ÁR


Í þessum kafla er gerður samanburður á niðurstöðum um frumkvöðlastarfsemi á Íslandi fyrir árið 2004 og niðurstöðum síðustu tvö árin þar á undan. Markmiðið með samanburðinum er að greina hvort einhverjar breytingar hafi átt sér stað á milli ára og ef svo er hvaða áhrif þær breytingar hafa á styrk og veikleika í frumkvöðlastarfsemi á Íslandi. Ekki er hægt að bera saman á milli ára allar þær upplýsingar sem koma fram í 3. kafla vegna þess að sumum upplýsingum hefur einungis verið safnað fyrir árið 2004.

Eins og áður skiptist kaflinn í þrjá hluta þar sem er borið saman umfang, einkenni og umhverfi frumkvöðla starfseminnar.

UMFANG

Á mynd 25 má sjá þróun TEA-vísitalunnar á Íslandi undanfarin þrjú ár. TEA-vísitalan mælist rúmum tveimur prósentustigum hærrí árið 2004 en síðustu tvö ár en munurinn milli ára er ekki marktækur miðað við 95% vissu¹⁰. Heildarfrumkvöðlastarfsemi á Íslandi virðist því haldast nokkuð stöðug á milli ára.

Mynd 25 - TEA-vísitalan, hlutfall þeirra sem undirbúa viðskiptastarfsemi og þeirra sem hafa stofnað til nýrrar viðskiptastarfsemi 2002-2004



Hlutfall Íslendinga sem undirbúa nýja viðskiptastarfsemi er svipað árið 2004 og það var árið 2003 en marktæk hækkun átti sér stað milli árunna 2002 og 2003 (sjá mynd 25). Hlutfall þeirra Íslendinga sem hafa nýlega stofnað til viðskiptastarfsemi árið 2004 hefur hins vegar hækkað marktækt á milli árunna 2003 og 2004. Hefur

¹⁰ Skekkjumörk miðast við 95% vissu og er það bil sem vísitalan liggur á. Skekkjumörk TEA-vísitalunnar árið 2004 eru +/- 1,6%. Vísitalan liggur því á bilinu 12%-15,2%. Ef könnunin væri framkvæmd 100 sinnum væri hægt að fullyrða að í a.m.k. 95 skipti myndi TEA-vísitalan lenda á þessu bili. Árið 2003 var vísitalan á bilinu 9,7%-12,7%. Skekkjumörk ráðast af fjölda þeirra sem spurðir eru og hlutfalli.

þá gengið til baka marktæk lækkun á hlutfalli nýrrar viðskiptastarfsemi sem átti sér stað milli árunna 2002 og 2003. Því má segja að þó svo að heildarfrumkvöðlastarfsemi hafi mælst nokkuð stöðug á milli ára hefur samsetning hennar sveiflast marktækt á milli ára.


EINKENNI

Eins og í fyrri köflum verður fjallað um einkenni frumkvöðlastarfseminnar sem snúa að þátttöku einstakra hópa, ávinningi og nýsköpun, þekkingariðnaði, færni og árangri.

Þátttaka einstakra þjóðfélagshópa


Þróun aldurssamsetningar þeirra sem tekið hafa þátt í frumkvöðlastarfsemi milli 2002 og 2004 má sjá á mynd 26. Aldurssamsetningin hefur verið mjög stöðug þar sem um 80% hafa verið á aldrinum 25-54 ára.

Mynd 26 - Hlutfallsleg skipting aldris þeirra sem taka þátt í frumkvöðlastarfsemi (TEA) 2002-2004




Á mynd 27 má sjá þróun í þátttöku kvenna í frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árin 2002-2004. Á myndinni kemur fram að engar marktækar breytingar hafa orðið á þátttöku kvenna síðustu þrjú ár en karlar hafa verið um tvöfalt líklegri en konur til þess að stunda frumkvöðlastarfsemi.

Mynd 27 - Hlutfallsleg skipting karla og kvenna sem taka þátt í frumkvöðlastarfsemi (TEA) 2002-2004




Hlutfall háskólamenntaðra af þeim sem stunda frumkvöðlastarfsemi á Íslandi hefur aukist á milli 2002 og 2004 (mynd 28).

Mynd 28 - Hlutfallsleg skipting menntunar þeirra sem taka þátt í frumkvöðlastarfsemi (TEA) 2002-2004



Á mynd 29 kemur fram að tekjusatsetning þeirra sem stunda frumkvöðlastarfsemi á Íslandi hefur breyst milli ára. Árið 2002 voru flestir í tekjuhæsta hópnum, árið 2003 voru þeir flestir í miðjuhópnum en árið 2004 er tekjulægsti hópurinn stærstur. Samhliða þessum breytingum hefur bilið milli lægstu tekna og þeirra hæstu aukist sem gerir það að verkum að færri flokkast í efri flokkana tvo.


Mynd 29 - Hlutfallsleg skipting tekna þeirra sem taka þátt í frumkvöðlastarfsemi (TEA) 2002-2004



Ávinningur og nýsköpun

Á mynd 30 má sjá breytingar á væntingum þátttakenda til fjölda þeirra sem munu starfa við starfsemina eftir fimm ár. Þar má sjá að væntingar hafa breyst nokkuð á milli ára. Hlutfall þeirra sem hafa miklar væntingar og þeirra sem gera sér engar væntingar um að aðrir en eigendur vinni við starfsemina hefur í báðum tilvikum lækkað um helming. Þannig hefur þeim fækkað umtalsvert sem gera sér miklar vonir um vöxt starfseminnar.

Mynd 30 - Væntingar þátttakenda í frumkvöðlastarfsemi til vaxtar 2002-2004




Í 3. og 4. kafla voru settar fram niðurstöður um áætlaða arðsemi af þeirri starfsemi sem var í undirbúningi árið 2004. Spurningar um áætlaða arðsemi voru fyrst lagðar fyrir árið 2004 og því er ekki hægt að gera samanburð við fyrri ár.

Á mynd 31 má sjá þróun væntinga um hlutfall tekna frá viðskiptavinum erlendis. Fleiri gera ráð fyrir að eiga


einhverja viðskiptavini erlendis árið 2004 en síðustu ár, en hlutfall þeirra sem eiga 75-100% viðskiptavina sinna erlendis hefur haldist nokkuð stöðugt milli ára.

Mynd 31 - Væntingar þátttakenda í frumkvöðlastarfsemi til útrásar 2002-2004 (TEA)



Á mynd 32 má sjá breytingar á hlutfalli þeirra einstaklinga sem gera ráð fyrir umtalsverðri nýsköpun í starfsemi sinni. Þar má sjá að árið 2004 eru um 24% þeirra sem taka þátt í frumkvöðlastarfsemi sem gera ráð fyrir umtalsverðri nýsköpun, samanber 16% árið 2003 og 19% árið 2002.


Mynd 32 - Hlutfall þeirra sem taka þátt í frumkvöðlastarfsemi (TEA) árin 2002-2004 sem gera ráð fyrir umtalsverðri nýsköpun í starfsemi sinni



Væntingar um nýsköpun og vöxt eru mælikvarðar á það hversu mikill metnaður er fyrir hönd þeirrar starfsemi sem verið er að hrinda í framkvæmd og um leið mælikvarðar á möguleg efnahagsleg áhrif. Á mynd 33 má sjá breytingar á hlutfalli þeirra einstaklinga sem gera ráð fyrir umtalsverðri nýsköpun og/eða umtalsverðri

fjölgun starfsmanna. Þar kemur fram að metnaður hefur aukist frá árinu 2003.


Mynd 33 - Hlutfall einstaklinga í heildarfrumkvöðlastarfsemi (TEA) árin 2002-2004 sem gera ráð fyrir umtalsverðri nýsköpun eða umtalsverðri fjölgun starfsmanna



Þekkingariðnaður

Hvað varðar samsetningu frumkvöðlastarfseminnar eftir atvinnugreinum hefur hún ekki breyst marktækt á milli ára (mynd 34).

Mynd 34 - Hlutfallsleg skipting frumkvöðlastarfsemi eftir atvinnugreinum 2002-2004




Í 3. og 4. kafla var fjallað um að hve miklu leyti frumkvöðlastarfsemi byggði á tækniþekkingu og hvort hún flokkaðist í tæknigreinar. Þessum upplýsingum hefur eingöngu verið safnað fyrir árið 2004 og er því ekki hægt að bera þær niðurstöður saman við fyrri ár.

Færni og árangur


Í 3. kafla voru kynntar niðurstöður um færni til að meta viðskiptatækifæri og færni til að stofna og reka fyrirtæki. Upplýsingum um færni til að meta viðskiptatækifæri hefur einungis verið safnað árið 2004 og því er samanburður við fyrri ár ekki mögulegur. Þess vegna er einungis borin saman á milli ára færni til að stofna og reka fyrirtæki.

Á mynd 35 má sjá að litlar breytingar eru milli ára á hlutfalli þeirra sem telja sig hafa færni til að stofna og reka fyrirtæki. Skortur á þessari færni virðist þó ekki koma í veg fyrir að einstaklingar setji á fót nýja viðskiptastarfsemi. Um 19% þeirra sem undirbúa nýja viðskiptastarfsemi telja sig ekki hafa þessa færni en hlutfallið var 21% árin 2002 og 2003 (sjá mynd 36).

Mynd 35 - Hlutfall Íslendinga sem telja sig hafa færni til að stofna og reka fyrirtæki




Mynd 36 - Hlutfall þeirra sem undirbúa nýja viðskiptastarfsemi sem telja sig hafa færni til að stofna og reka fyrirtæki



¹¹ Samræmdum gögnum um viðhorf var fyrst safnað í þátttökuöndunum árið 2003.

Einn mælikvarði á árangur er hversu stórt hlutfall af þeirri starfsemi sem hafinn er undirbúningur að nær fótfestu. Á mynd 37 má sjá breytingar á hlutfalli þeirra sem hafa lagt niður starfsemi á síðastliðnum 12 mánuðum. Hlutfallið hefur verið á bilinu 3-4% síðustu ár meðal fólks á aldrinum 18-64 ára en breytingar milli ára eru ekki marktækar.

Mynd 37 - Þróun á hlutfalli þeirra sem hafa lagt niður viðskiptastarfsemi 2002-2004



UMHVERFI

Eins og áður eru grunnskilyrðin níu notuð til þess að lýsa hvort umhverfið hafi letjandi eða hvetjandi áhrif á frumkvöðlastarfsemi í hverju landi. Einkunnir íslenskra sérfræðinga fyrir öll grunnskilyrðin verða bornar saman milli ára til þess að sjá hvort einhverjar umtalsverðar breytingar hafi átt sér stað. Fyrst eru þó skoðuð viðhorf almennings til frumkvöðlastarfsemi sem koma fram í símakönnuninni og í lokin eru grunnskilyrði um fjármögnun skoðuð sérstaklega.

Viðhorf almennings til frumkvöðlastarfsemi

Niðurstöður um breytingar á viðhorfum almennings gagnvart frumkvöðlastarfsemi milli 2003 og 2004 má sjá í töflu 28¹¹. Svo virðist sem litlar breytingar hafi átt sér stað á milli ára. Það er helst að fleiri viðmælendur eru sammála því að oft sé sagt frá árangursríkri frumkvöðlastarfsemi í fjölmiðlum. Menningarvísitalan hefur þókast örlítið upp á við í kjölfarið.

Tafla 28 - Menning og viðhorf almennings 2003-2004

	Hlutfall fólks 18-64 ára sem svarar játandi	
	2004	2003
Flestir Íslendingar telja stofnun fyrirtækja eftirsóknarverðan starfsvettvang	60,7%	60,7%
Þeir Íslendingar sem tekst á árangursríkan hátt að stofna fyrirtæki njóta mikillar virðingar og metorða á Íslandi	66,3%	68,6%
Á Íslandi er oft sagt frá árangursríkum nýjum fyrirtækjum í fjölmíðlum	78,3%	84,0%
Frumkvöðlamenningarvísitalan	2,07	2,12

Grunnskilyrðin

Breytingar á mati sérfræðinga á grunnskilyrðunum yfir tímabilið 2002 til 2004 er að finna í töflu 29. Eins og áður lýsa gildi á bilinu 1-1,49 mikilli óánægju með ástand mála hvað varðar viðkomandi grunnskilyrði, gildi á bilinu 1,5-2,49 nokkurri óánægju, gildi á bilinu 2,5-3,49 lýsa

hlutleysi, gildi á bilinu 3,5-4,49 lýsa nokkurri ánægju og að síðustu lýsa gildi á bilinu 4,5-5 mikilli ánægju með stöðu mála.

Ekki hafa orðið miklar breytingar á milli ára en helstu breytingar sem orðið hafa eru að meiri óánægja ríkir meðal sérfræðinga með fjármagnsstuðning samanborið við árið 2002.

Fjármögnun frumkvöðlastarfsemi


Stór hluti þeirra upplýsinga sem notaðar voru til þess að meta spurn eftir áhættufjármagni í 3. kafla hefur einungis verið safnað fyrir árið 2004. Þess vegna er einungis hægt að bera saman framboð á áhættufjármagni fyrir árin 2002-2004.

Á mynd 38 má sjá þróun í heildarframboði á fjármagni frá einkafjárfestum og framtaksfjárfestum á árunum 2002-2004 sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Þar kemur fram að framtaksfjárfestingar hafa minnkað um helming á hverju ári á meðan einkafjárfestingar hafa vaxið líftillega á milli ára. Aukningin í einkafjárfestingum er þó ekki tölfraðilega marktæk.

Tafla 29 - Samantekt á mati sérfræðinga á grunnskilyrðum 2002-2004

	2004	2003	2002
Fjármagnsstuðningur	Frekar neikvæðir	Frekar neikvæðir	Hlutlausir
Verkefni á vegum hins opinbera	Frekar neikvæðir	Frekar neikvæðir	Frekar neikvæðir
Menntun og þjálfun	Hlutlausir	Hlutlausir	Frekar neikvæðir
Árangur á grunn- og framhaldsskólastiginu	Frekar neikvæðir	Frekar neikvæðir	Frekar neikvæðir
Árangur í framhaldsmenntun/annarri menntun/símenntun	Hlutlausir	Hlutlausir	Hlutlausir
Útbreiðsla rannsóknar- og þróunarstarfs	Hlutlausir	Hlutlausir	Hlutlausir
Inngöngu- og samkeppnishindranir	Hlutlausir	Hlutlausir	Hlutlausir
Inngönguhindranir	Hlutlausir	Hlutlausir	Hlutlausir
Samkeppnishindranir	Hlutlausir	Hlutlausir	Hlutlausir
Grunnstoðir viðskiptalífsins	Hlutlausir	Hlutlausir	Hlutlausir
Stefna hins opinbera	Hlutlausir	Hlutlausir	Hlutlausir
Almenn stefna	Hlutlausir	Frekar neikvæðir	Hlutlausir
Skrifræði og reglur (hversu auðvelt er að stofna fyrirtæki, hraði, reglur ríkisins o.fl.)	Frekar jákvæðir	Frekar jákvæðir	Hlutlausir
Menningarlegar og samfélagslegar venjur	Frekar jákvæðir	Frekar jákvæðir	Frekar jákvæðir
Aðgangur að grunnaðstöðu	Frekar jákvæðir	Frekar jákvæðir	Frekar jákvæðir

Mynd 38 - Heildarframboð á fjármagni á árunum 2002-2004 sem hlutfall af vergri landsframleiðslu



SAMANTEKT

Í heild má segja að umfang, einkenni og umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi hafi verið nokkuð stöðugt undanfarin þrjú ár. Helstu breytingar eru að vonir um fjölgun starfsfólks hafa minnkað frá árinu 2002 þegar þær voru mjög miklar, og að framtaksfjármagn hafi minnkað ár frá ári. Einnig virðist hlutfall háskólamenntaðra hækka á milli ára.

6. NIÐURSTÖÐUR OG RÁÐLEGGINGAR

Í þessum kafla eru niðurstöður um frumkvöðlastarfsemi á Íslandi bornar saman við niðurstöður frá öðrum löndum. Markmiðið með samanburðinum er að meta styrk og veikleika í frumkvöðlastarfsemi á Íslandi með það fyrir augum að nýta styrkinn og takast á við veikleikana. Til þess að gera samanburðinn markvissari eru niðurstöðurnar í flestum tilvikum bornar saman við valin lönd af þeim 34 löndum sem tóku þátt í rannsókninni árið 2004.

Í þessum kafla verða niðurstöður skýrslunnar dregnar saman og veitt nokkur ráð um hvernig stjórnvöld geta aukið þjóðhagslegan ávinning af frumkvöðlastarfsemi á Íslandi.

UMFANG FRUMKVÖÐLASTARFSEMI Á ÍSLANDI ER MIKIÐ

Á árinu 2004 mældust 13,6% Íslendinga á aldrinum 18-64 ára, eða um 25 þúsund manns, taka þátt í frumkvöðlastarfsemi. Þetta er svipað hlutfall og undanfarin ár. Meðaltal hátekjulandanna er tæplega 7% þannig að frumkvöðlastarfsemi á Íslandi er u.þ.b. tvöfalt meiri en í hátekjulöndunum í heild og sambærileg við það sem gerist í Bandaríkjunum, Kanada og Ástralíu.

MIKILL METNAÐUR ER HJÁ ÍSLENSKUM FRUMKVÖÐLUM

Eins og fyrri ár gera Íslenskir frumkvöðlar sér miklar vonir um ávinning og nýsköpun í samanburði við önnur hátekjulönd. Í rúmlega helmingi tilvika telja þeir að um einhverja nýsköpun sé að ræða eða að starfsmönnum eigi eftir að fjölga umtalsvert á næstu fimm árum. Einnig gera tæplega 60% þeirra sem undirbúa nýja viðskiptastarfsemi ráð fyrir að fá fjárframlag sitt a.m.k. fimmfalt til baka.

AUKA ÞARF ÞÁTTTÖKU KVENNA Í FRUMKVÖÐLASTARFSEMI

Árið 2004 voru karlar nálægt því að vera tvisvar sinnum líklegri til þess að taka þátt í frumkvöðlastarfsemi en konur. Þótt hlutfall kvenna í frumkvöðlastarfsemi sé hærra en á hinum Norðurlöndunum er það nokkuð lægra en í hátekjulöndunum í heild. Konur á Íslandi nýta því ekki til jafns við karla þau tækifæri sem felast í frumkvöðlastarfsemi.

AUKA ÞARF FRUMKVÖÐLASTARFSEMI HÁSKÓLAMENNTAÐRA

Þótt um þriðjungur þeirra sem stunda frumkvöðlastarfsemi á Íslandi hafi lokið háskólaprófi er hlutfallið u.þ.b. tvöfalt hærra hjá hátekjulöndunum í heild. Frumkvöðlastarfsemi meðal háskólamenntaðra gegnir mikilvægu hlutverki til þess að byggja upp þekkingariðnað, og lágt hlutfall á Íslandi bendir til þess að uppbygging þekkingariðnaðar sé styttra á veg komin en í öðrum hátekjulöndum.

BRÝNT ER AÐ AUKA ÁHÆTTUFJÁRMAGN OG REYNSLU AF ÁHÆTTUFJÁRFESTINGUM

Eins og fyrri ár er skortur á áhættufjármagni stærsti veikleiki í umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi. Þessi skortur reynir mest á metnaðarfull og nýskapandi fyrirtæki sem þurfa meira fjármagn en að jafnaði er hægt að útvega hjá einkafjárfestum. Ekki er nóg að auka áhættufjármagn heldur þarf einnig að byggja upp þekkingu og reynslu af áhættufjárfestingum. Í sérstakri skýrslu sem gefin var út árið 2003 um fjármálavanda nýrra fyrirtækja á Íslandi (Rögnvaldur og fl., 2004) var stungið upp á því að hið opinbera hvetti einkaaðila til þátttöku á sambærilegan hátt og gert hefur verið með góðum árangri í Bandaríkjunum í yfir 50 ár og verið er að taka upp víða í Evrópu.

EFLA ÞARF FRUMKVÖÐLAMENNTUN

Þriðja árið í röð er það ein helsta ráðlegging sérfræðinga að efla þurfi frumkvöðlamenntun á Íslandi. Sérstaklega

þarf að taka til hendinni á grunn- og framhaldsskólastigi þó að eflaust megi gera betur á háskólastiginu. Heilmikið grasrótarstarf hefur átt sér stað á síðustu misserum en nú er svo komið að það þarf samræmt átak til þess að nýta þá reynslu sem þegar hefur skapast til þessa til að byggja upp árangursríka frumkvöðlamenntun í skólakerfinu í heild.

STJÓRNVÖLD ÞURFA AÐ HAFNA FRUMKVÆÐI

Mikil þörf er á aðgerðum á þeim sviðum sem nefnd eru hér að ofan ef nýta á þann mikla frumkvöðlakraft sem býr með þjóðinni og auka þjóðhagslegan ávinning af frumkvöðlastarfsemi. Í öllum tilvikum er um að ræða viðfangsefni sem krefjast aðkomu stjórnvalda vegna þess að þau snúa að grunnstoðum samfélagsins, svo sem menntakerfi og fjármálakerfi. Ýmsar lausnir hafa verið prófaðar erlendis, sumar með mjög góðum árangri, aðrar með slæmum árangri. Mikilvægt er að stjórnvöld hafi forystu um að safna saman þeirri reynslu sem fyrir er til að hægt sé að koma sér saman um árangursríkar aðgerðir. Því lengur sem við drögum að takast á við þá veikleika sem við búum við í umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi því minni líkur eru á að okkur takist að nýta þau tækifæri sem framtíðin ber í skauti sér.

HEIMILDASKRÁ

Acs, Z., Arenius, P., Hay, M., Minniti, M. (2005). Global Entrepreneurship Monitor: 2004 Executive Report. Babson Park, MA, Babson College (fáanleg á www.gemconsortium.org).

Hatzichronoglou, T. (1997). Revision of the high-technology sector and product classification (STI Working Papers No. 2). Paris: OECD.

Reynolds, P., Bosma, N. og Autio, E. (2005). Global Entrepreneurship Monitor: Data Collection Design and Implementation 1998-2003. Óbirt skýrsla.

Rögnvaldur J. Sæmundsson og Guðrún Mjöll Sigurðardóttir (2004). Úttekt á fjármálavanda nýrra fyrirtækja á Íslandi. Reykjavík, Háskólinn í Reykjavík.

Scheinberg, S. og MacMillan, I. (1988). „An 11 country study of motivations to start a business“. Í Kirchhoff, B.A., Long, W.A., McMullan, W.E., Vesper, K.H. og Wetzel, W.E. (ritstj.) *Frontiers of Entrepreneurship Research*. Wellesley, MA: Babson College, bls. 669-687.



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR
FRAMTÍÐ BYGGÐ Á FRUMKVÆÐI



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Háskólinn í Reykjavík / Reykjavik University

Ofanleiti 2, 103 Reykjavík

Höfðabakki 9, 110 Reykjavík

Ísland / Iceland

Sími / Tel. 354 599 6200

Fax 354 599 6201

www.ru.is